**Gildandi réttur.** **Breytingar innfelldar með rauðum texta.**

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.**

| | |
|---|---|
| **Lög um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015**<br><br>**2. mgr. 2. gr.** *Heimild til að hafa milligöngu um kaup og sölu á fasteignum og skipum..*<br>☐ Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa ekki löggildingu til að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum, enda tengist það lögmannsstörfum þeirra. Ákvæði laga þessara gilda um slík störf lögmanna.<br><br>**3. mgr. 19. gr.** *Hlutverk eftirlitsnefndar.*<br>☐ Nú hefur hæstaréttar- eða héraðsdómslögmaður fengið löggildingu sem fasteignasali og hefur þá eftirlitsnefnd fasteignasala skyldur til eftirlits með honum samkvæmt ákvæðum þessara laga. | **2. mgr. 2. gr.** *Heimild til að hafa milligöngu um kaup og sölu á fasteignum og skipum.*<br>☐ Lögmenn þurfa ekki löggildingu til að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum, enda tengist það lögmannsstörfum þeirra. Ákvæði laga þessara gilda um slík störf lögmanna.<br><br>**3. mgr. 19. gr.** *Hlutverk eftirlitsnefndar.*<br>☐ Nú hefur lögmaður fengið löggildingu sem fasteignasali og hefur þá eftirlitsnefnd fasteignasala skyldur til eftirlits með honum samkvæmt ákvæðum þessara laga. |
| **Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994**<br><br>**2. mgr. 86. gr.**<br>☐ Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi. | **2. mgr. 86. gr.**<br>☐ Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera lögmaður eða löggiltur endurskoðandi. |
| **Lög um hlutafélög nr. 2/1995**<br><br>**2. mgr. 111. gr.**<br>☐ Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi. | **2. mgr. 111. gr.**<br>☐ Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera lögmaður eða löggiltur endurskoðandi. |
| **Lög um samvinnufélög nr. 22/1991**<br><br>**[4. mgr. 62. gr. b.]**<br>☐ Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða [endurskoðandi].[3)] | **[4. mgr. 62. gr. b.]**<br>☐ Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera lögmaður eða [endurskoðandi].[3)] |

**Fjármála- og efnhagsráðuneytið.**

| | |
|---|---|
| **Lög um kjararáð nr. 47/2006**<br><br>**3. gr.** Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara. | **3. gr.** Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara. |
| **Lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/2001**<br><br>**I. kafli. Dómsmálagjöld.**<br>**1. gr.** Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:<br>1. Fyrir útgáfu stefnu [15.000 kr.][1)]<br>2. [Fyrir þingfestingu:<br>a. Af stefnufjárhæð allt að 3.000.000 kr. 15.000 kr.<br>b. Af stefnufjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. [og][2)] vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu 30.000 kr.<br>c. [Af stefnufjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. 90.000 kr.][3)]<br>[d. Af stefnufjárhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. 150.000 kr.<br>e. Af stefnufjárhæð frá 150.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það 250.000 kr.][3)]][1)]<br>3. Fyrir dómkvaðningu matsmanns [15.000 kr.][1)]<br>4. Fyrir endurrit og ljósrit á hverja síðu [250 kr.][1)]<br>☐ Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:<br>1. Fyrir kæru [50.000 kr.][1)]<br>2. Fyrir áfrýjunarleyfi [50.000 kr.][1)]<br>3. [Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu:<br>a. Af áfrýjunarfjárhæð allt að 3.000.000 kr. 25.000 kr.<br>b. Af áfrýjunarfjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. [og][2)] vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu 50.000 kr.<br>c. [Af áfrýjunarfjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. 130.000 kr.][3)]<br>d. [Af áfrýjunarfjárhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. 200.000 kr.<br>e. Af áfrýjunarfjárhæð frá 150.000.00 kr. og fjárhæðum umfram það 300.000 kr.][3)]][1)]<br>4. Fyrir þingfestingu [25.000 kr.][1)] | **I. kafli. Dómsmálagjöld.**<br>**1. gr.** Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:<br>1. Fyrir útgáfu stefnu [15.000 kr.][1)]<br>2. [Fyrir þingfestingu:<br>a. Af stefnufjárhæð allt að 3.000.000 kr. 15.000 kr.<br>b. Af stefnufjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. [og][2)] vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu 30.000 kr.<br>c. [Af stefnufjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. 90.000 kr.][3)]<br>[d. Af stefnufjárhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. 150.000 kr.<br>e. Af stefnufjárhæð frá 150.000.000 kr. og fjárhæðum umfram það 250.000 kr.][3)]][1)]<br>3. Fyrir dómkvaðningu matsmanns [15.000 kr.][1)]<br>4. Fyrir endurrit og ljósrit á hverja síðu [250 kr.][1)]<br>☐ Við meðferð einkamáls fyrir Landsrétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:<br>1. Fyrir kæru [50.000 kr.][1)]<br>2. Fyrir áfrýjunarleyfi [50.000 kr.][1)]<br>3. [Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu:<br>a. Af áfrýjunarfjárhæð allt að 3.000.000 kr. 25.000 kr.<br>b. Af áfrýjunarfjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. [og][2)] vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu 50.000 kr.<br>c. [Af áfrýjunarfjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. 130.000 kr.][3)]<br>d. [Af áfrýjunarfjárhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. 200.000 kr.<br>e. Af áfrýjunarfjárhæð frá 150.000.00 kr. og fjárhæðum umfram það 300.000 kr.][3)]][1)]<br>4. Fyrir þingfestingu [25.000 kr.][1)] |

| | |
|---|---|
| 5. Útivistargjald [50.000 kr.][1)]<br>☐ Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða [15.000 kr.][1)] í ríkissjóð.<br>☐ Gjöld skv. 1. og 2. mgr. skal einnig greiða fyrir sakaukasök, gagnsök, meðalgöngusök og framhaldssök.<br>☐ Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:<br>1. Málum til heimtu vinnulauna.<br>2. Barnsfaðernismálum.<br>3. Málum til vefengingar á faðerni barns.<br>4. Lögræðissviptingarmálum.<br>5. Kjörskrármálum.<br>6. Einkarefsimálum.<br>7. Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.<br>[8. Forsjármálum.<br>9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995. | 5. Útivistargjald [50.000 kr.][1)]<br>☐ Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:<br>1. Fyrir kæru [50.000 kr.][1)]<br>2. Fyrir áfrýjunarleyfi [50.000 kr.][1)]<br>3. [Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu:<br>a. Af áfrýjunarfjárhæð allt að 3.000.000 kr. 25.000 kr.<br>b. Af áfrýjunarfjárhæð frá 3.000.000 kr. að 30.000.000 kr. [og][2)] vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu 50.000 kr.<br>c. [Af áfrýjunarfjárhæð frá 30.000.000 kr. að 90.000.000 kr. 130.000 kr.][3)]<br>d. [Af áfrýjunarfjáhæð frá 90.000.000 kr. að 150.000.000 kr. 200.000 kr.<br>e. Af áfrýjunarfjárhæð frá 150.000.00 kr. og fjárhæðum umfram það 300.000 kr.][3)]][1)]<br>4. Fyrir þingfestingu [25.000 kr.][1)]<br>5. Útivistargjald [50.000 kr.][1)]<br>☐ Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða [15.000 kr.][1)] í ríkissjóð.<br>☐ Gjöld skv. 1.–4. mgr. skal einnig greiða fyrir sakaukasök, gagnsök, meðalgöngusök og framhaldssök.<br>☐ Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:<br>1. Málum til heimtu vinnulauna.<br>2. Barnsfaðernismálum.<br>3. Málum til vefengingar á faðerni barns.<br>4. Lögræðissviptingarmálum.<br>5. Kjörskrármálum.<br>6. Einkarefsimálum.<br>7. Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.<br>[8. Forsjármálum.<br>9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995. |
| **2. gr.** Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.<br>☐ Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða [15.000 kr.][1)] í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls. | **2. gr.** Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.<br>☐ Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða [15.000 kr.][1)] í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls. |

| | |
|---|---|
| **3. gr.** Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldþrotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við, [þar á meðal gjald fyrir þingfestingu máls skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. og gjald fyrir kæru til Hæstaréttar, sem ákveðið skal eftir ákvæðum 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. í stað gjalds skv. 1. tölul., enda sé í málinu deilt um hagsmuni sem afmarkaðir eru með tilgreindum fjárhæðum].[1)]<br>☐ Þá skal greiða [15.000 kr.][2)] í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:<br>1. Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.<br>2. Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.<br>3. Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.<br>4. Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.<br>5. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.<br>6. Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings, [þó ekki nauðasamnings til greiðsluaðlögunar].[2)]<br>7. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.<br>8. Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings, [þó ekki nauðasamnings til greiðsluaðlögunar].[2)]<br>9. Fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti.<br>☐ Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.<br>☐ Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.<br>☐ Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 5. mgr. 1. gr. taka til.<br><br>**10. gr.** [Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða [8.300 kr.]:[1)]<br>1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi. | **3. gr.** Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldþrotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við, [þar á meðal gjald fyrir þingfestingu máls skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. og gjald fyrir kæru til Landsréttar og Hæstaréttar, sem ákveðið skal eftir ákvæðum 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. fyrir Landsrétt og 3. tölul. 3. mgr. 1. gr. fyrir Hæstarétt, í stað gjalds skv. 1. tölul. 2. og 3. mgr. 1. gr., enda sé í málinu deilt um hagsmuni sem afmarkaðir eru með tilgreindum fjárhæðum].[1)]<br>☐ Þá skal greiða [15.000 kr.][2)] í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:<br>1. Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.<br>2. Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.<br>3. Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.<br>4. Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.<br>5. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.<br>6. Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings, [þó ekki nauðasamnings til greiðsluaðlögunar].[2)]<br>7. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.<br>8. Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings, [þó ekki nauðasamnings til greiðsluaðlögunar].[2)]<br>9. Fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti.<br>☐ Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.<br>☐ Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.<br>☐ Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 6. mgr. 1. gr. taka til.<br><br>**10. gr.** [Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða [8.300 kr.]:[1)]<br>1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti, Landsrétti og héraðsdómi. |
| | |

| | |
|---|---|
| **Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986**<br><br>**3. tölul. 1. mgr. 19. gr.**<br>[Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:<br>3. Starfsmanna Hæstaréttar og héraðsdómstóla. | **3. tölul. 1. mgr. 19. gr.**<br>[Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:<br>3. Starfsmanna Hæstaréttar, Landsréttar og héraðsdómstóla. |
| **Lög um opinber fjármál nr. 123/2015**<br><br>**3. mgr. 20. gr.** *Stefnumótun fyrir málefnasvið.*<br>☐ Við mótun stefnu um mál dómstóla skal hlutaðeigandi ráðherra tryggja formlegt samráð við dómstólaráð og Hæstarétt Íslands. Stefna um málefni löggjafarvalds skal vera á ábyrgð forsætisnefndar Alþingis.<br><br>**3. mgr. 21. gr.** *Tillögur um fjárheimildir.*<br>☐ Við mótun tillagna um fjárheimildir til dómstóla skal hlutaðeigandi ráðherra hafa formlegt samráð við dómstólaráð og Hæstarétt Íslands. Ef vikið hefur verið frá tillögum dómstólaráðs eða Hæstaréttar Íslands skal hann greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga. | **3. mgr. 20. gr.** *Stefnumótun fyrir málefnasvið.*<br>☐ Við mótun stefnu um mál dómstóla skal hlutaðeigandi ráðherra tryggja formlegt samráð við dómstólasýsluna. Stefna um málefni löggjafarvalds skal vera á ábyrgð forsætisnefndar Alþingis.<br><br>**3. mgr. 21. gr.** *Tillögur um fjárheimildir.*<br>☐ Við mótun tillagna um fjárheimildir til dómstóla skal hlutaðeigandi ráðherra hafa formlegt samráð við dómstólasýsluna. Ef vikið hefur verið frá tillögum dómstólasýslunnar skal hann greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga. |
| **Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996**<br><br>**1. mgr. 2. gr.** Lög þessi taka ekki til forseta Íslands, ráðherra eða alþingismanna. Lögin taka til hæstaréttardómara og héraðsdómara eftir því sem við getur átt.<br><br>**4. mgr. 15. gr.**<br>☐ Dómstólaráð staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla.][3)]<br><br>**3. tölul. 1. mgr. 22. gr.** Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir:<br>3. [Hæstaréttardómarar, skrifstofustjóri Hæstaréttar og héraðsdómarar.][1)] | **1. mgr. 2. gr.** Lög þessi taka ekki til forseta Íslands, ráðherra eða alþingismanna. Lögin taka til hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara eftir því sem við getur átt.<br><br>**4. mgr. 15. gr.**<br>☐ Dómstólasýslan staðfestir siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla.<br><br>**3. tölul. 1. mgr. 22. gr.** Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir:<br>3. [Hæstaréttardómarar, skrifstofustjóri Hæstaréttar, landsréttardómarar, skrifstofustjóri Landsréttar, héraðsdómarar og framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar.][1)] |
| | |

| | |
|---|---|
| **Lög um vátryggingasamninga nr. 30/2004**<br><br>**1. mgr. 141. gr.** *Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.*<br>☐Nú er í lögum þessum tekið fram að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar og er með því átt við úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem starfar samkvæmt samningi milli [ráðherra],[1)] Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og samþykktum fyrir hana. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til þess að vera dómari skv. 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998. | **1. mgr. 141. gr.** *Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.*<br>☐ Nú er í lögum þessum tekið fram að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar og er með því átt við úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem starfar samkvæmt samningi milli [ráðherra],[1)] Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og samþykktum fyrir hana. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til þess að vera dómari skv. 2. mgr. 29. gr. laga um dómstóla, nr. 50/2016. |

**Forsætisráðuneytið.**

| | |
|---|---|
| **Lög um ríkislögmann nr. 51/1985**<br><br>**2. mgr. 3. gr.**<br>☐ Ríkislögmaður getur enn fremur falið hæstaréttar- eða héraðsdómslögmönnum utan embættisins meðferð einstakra mála að fengnu samþykki þeirrar ríkisstofnunar sem hlut á að máli. | **2. mgr. 3. gr.**<br>☐ Ríkislögmaður getur enn fremur falið lögmönnum utan embættisins meðferð einstakra mála að fengnu samþykki þeirrar ríkisstofnunar sem hlut á að máli. |
| **Upplýsingalög nr. 140/2012**<br><br>**1. mgr. 21. gr.** *Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.*<br>☐ Ráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd um upplýsingamál til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Skulu tveir nefndarmenn og varamenn þeirra uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara skv. 12. gr. laga um dómstóla. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar en hinn varaformaður. Nefndarmenn mega ekki vera fastráðnir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands. | **1. mgr. 21. gr.** *Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.*<br>☐ Ráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd um upplýsingamál til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Skulu tveir nefndarmenn og varamenn þeirra uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara skv. 29. gr. laga um dómstóla. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar en hinn varaformaður. Nefndarmenn mega ekki vera fastráðnir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands. |
| **Lög um rannsóknarnefndir nr. 68/2011**<br><br>**2. mgr. 2. gr.**<br>☐Formaður rannsóknarnefndar skal vera lögfræðingur. Fari einn maður með rannsókn máls skal hann enn fremur vera lögfræðingur. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði | **2. mgr. 2. gr.**<br>☐ Formaður rannsóknarnefndar skal vera lögfræðingur. Fari einn maður með rannsókn máls skal hann enn fremur vera lögfræðingur. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði |

| | |
|---|---|
| héraðsdómara samkvæmt lögum um dómstóla, en að undanskildum ákvæðum um hámarksaldur, sbr. 5. mgr. 31. gr. þeirra laga.<br><br>**5. mgr. 7. gr.** Nú verður ágreiningur um afhendingu gagna, skýringa eða skriflegra svara, sbr. 1.–3. mgr., og getur rannsóknarnefnd þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms á grundvelli XV. kafla laga um meðferð sakamála. Lögregla skal veita nefndinni liðsinni við að framfylgja slíkum dómsúrskurði. Heimilt er að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar innan þriggja sólarhringa frá uppkvaðningu hans. | héraðsdómara samkvæmt lögum um dómstóla, en að undanskildum ákvæðum um hámarksaldur, sbr. 5. mgr. 52. gr. þeirra laga.<br><br>**5. mgr. 7. gr.** Nú verður ágreiningur um afhendingu gagna, skýringa eða skriflegra svara, sbr. 1.–3. mgr., og getur rannsóknarnefnd þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms á grundvelli XV. kafla laga um meðferð sakamála. Lögregla skal veita nefndinni liðsinni við að framfylgja slíkum dómsúrskurði. Heimilt er að kæra úrskurðinn til Landsréttar innan þriggja sólarhringa frá uppkvaðningu hans. Um kæru á úrskurði Landsréttar gilda ákvæði XXXII. kafla laga um meðferð sakamála. |

**Innanríkisráðuneytið.**

| | |
|---|---|
| **Lög um dómstóla nr. 15/1998**<br><br>■ **[[44. gr.]**[1)] Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. skal tala héraðsdómara frá gildistöku laga þessara vera 43, en ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar [2016],[2)] fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr.][3)]<br><br>■ **[[46. gr.]**[1)] [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. skal tala hæstaréttardómara frá 1. september 2015 vera 10 en ekki skal skipa í embætti hæstaréttardómara sem losna eftir 31. desember 2016 fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.][2)]][3)] | **(Breytingar taka gildi þegar í stað.)**<br><br>■ **[[44. gr.]**[1)] Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. skal tala héraðsdómara frá gildistöku laga þessara vera 42, en ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 31. desember [2017],[2)] fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr.][3)]<br><br>■ **[[46. gr.]**[1)] [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. skal tala hæstaréttardómara frá 1. september 2015 vera 10 en ekki skal skipa í embætti hæstaréttardómara sem losna eftir 31. desember 2017 fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.][2)]][3)] |
| **Lög um dómstóla nr. 50/2016.**<br><br>**Ákvæði til bráðabirgða.**<br>**I.**<br>Með gildistöku laga þessara er ekki raskað stöðu þeirra sem þegar hafa verið skipaðir eða settir í dómaraembætti. Frá gildistöku þessa ákvæðis skal hvorki skipa í embætti dómara við Hæstarétt Íslands né setja skv. 18. gr. fyrr en fjöldi dómara verður sá sem kveðið er á um í 13. gr.<br><br>**II.**<br>Í þeim tilgangi að undirbúa starfsemi | **(Breytingar taka gildi þegar í stað.)**<br><br>**Ákvæði til bráðabirgða.**<br>**I.**<br>Með gildistöku laga þessara er ekki raskað stöðu þeirra sem þegar hafa verið skipaðir eða settir í dómaraembætti. Frá gildistöku laga þessara skal hvorki skipa í embætti dómara við Hæstarétt Íslands né setja skv. 18. gr. fyrr en fjöldi dómara verður sá sem kveðið er á um í 13. gr.<br><br>**II.**<br>Í þeim tilgangi að undirbúa starfsemi |

| | |
|---|---|
| dómstólasýslunnar, þ.m.t. að skipa framkvæmdastjóra hennar, skal skipa í stjórn dómstólasýslunnar í fyrsta skipti frá og með 1. júlí 2017. Framkvæmdastjórinn skal skipaður frá 1. október 2017. Þegar skipað er í fyrsta skipti í stjórn dómstólasýslunnar skv. 6. gr. skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli svo að fimmti aðalmaðurinn ásamt varamanni sé skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfs. Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun í dómstólaráð. | dómstólasýslunnar, þ.m.t. að skipa framkvæmdastjóra hennar, skal skipa í stjórn dómstólasýslunnar í fyrsta skipti frá og með 1. júlí 2017. Framkvæmdastjórinn skal skipaður frá 1. október 2017.<br>Þegar skipað er í fyrsta skipti í stjórn dómstólasýslunnar skv. 6. gr. skal forseti Landsréttar skipaður aðalmaður til eins árs og varaforseti Landsréttar sem varamaður hans til jafnlangs tíma. Annar aðalmaður ásamt varamanni skal skipaður til tveggja ára, þriðji aðalmaður ásamt varamanni til þriggja ára og þannig koll af kolli svo að fimmti aðalmaðurinn ásamt varamanni sé skipaður til fimm ára. Skal skipunartími annarra en fulltrúa Landsréttar ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfs. Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun í dómstólaráð. |
| **IV.**<br>Skipun dómara við Landsrétt skal lokið eigi síðar en 1. júlí 2017 og skulu dómarar skipaðir í embættið frá og með 1. janúar 2018.<br>Þegar ráðherra gerir tillögu um skipun í embætti dómara við Landsrétt í fyrsta sinn skal hann leggja tillögu sína um hverja skipun fyrir Alþingi til samþykktar. Samþykki Alþingi tillögur ráðherra skal hann senda þær forseta Íslands sem skipar í embættin, sbr. 21. gr. Samþykki Alþingi ekki tillögu ráðherra um tiltekna skipun skal ráðherra leggja nýja tillögu fyrir Alþingi til samþykktar.<br>Skipaðir dómarar við Landsrétt skulu eigi síðar en 1. október 2017 kjósa sér forseta til fimm ára og varaforseta til sama tíma. | **IV.**<br>Skipun dómara við Landsrétt skal lokið eigi síðar 1. júní 2017 og skulu dómarar skipaðir í embættið frá og með 1. janúar 2018.<br>Þegar ráðherra gerir tillögu um skipun í embætti dómara við Landsrétt í fyrsta sinn skal hann leggja tillögu sína um hverja skipun fyrir Alþingi til samþykktar. Samþykki Alþingi tillögur ráðherra skal hann senda þær forseta Íslands sem skipar í embættin, sbr. 21. gr. Samþykki Alþingi ekki tillögu ráðherra um tiltekna skipun skal ráðherra leggja nýja tillögu fyrir Alþingi til samþykktar.<br>Þeir sem hlotið hafa skipun sem dómarar við Landsrétt skulu eigi síðar en 20. júní 2017 kjósa sér forseta til fimm ára og varaforseta til sama tíma. Ráðherra tilkynnir í fyrsta sinn um kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.<br>Forseti skal skipaður dómari við Landsrétt frá 1. júlí 2017. Forseta er frá þeim tíma heimilt að taka nauðsynlegar ákvarðanir til undirbúnings starfsemi Landsréttar, þ. m. t. ráða starfsfólk til réttarins. |
| **Lög um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála nr. 49/2016 (millidómstig)**<br><br>78. gr.<br>Lög þessi taka gildi 1. janúar 2018. Þau taka þó ekki til ólokinna mála sem þegar hafa verið flutt munnlega fyrir Hæstarétti við gildistöku þeirra. Þau mál sem áfrýjað hefur verið eða kærð til Hæstaréttar fyrir gildistöku laga þessara skulu | **(Breytingar taka gildi þegar í stað)**<br><br>78. gr.<br>Lög þessi taka gildi 1. janúar 2018. Þau taka þó ekki til ólokinna mála sem skotið hefur verið til Hæstaréttar með áfrýjun eða kæru við gildistöku þeirra eða ákærði lýst yfir áfrýjun í bréflegri tilkynningu sem borist hefur ríkissaksóknara við |

| | |
|---|---|
| rekin upp frá því fyrir Landsrétti. Ekki haggast af þeim sökum gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt.<br>Nú hefur máli verið áfrýjað og það verið flutt til Landsréttar skv. 1. mgr. og má þá sækja um leyfi til áfrýjunar þess til Hæstaréttar skv. 1. mgr. 176. gr. laga um meðferð einkamála eða 1. mgr. 215. gr. laga um meðferð sakamála innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara. | gildistöku laganna. Sama gildir um mál sem óskað hefur verið eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja eða kæra fyrir gildistöku laganna.<br>Í einkamálum sem dæmd hafa verið í héraðsdómi en ekki áfrýjað til Hæstaréttar fyrir gildistöku laganna gildir áfrýjunarfrestur eldri laga um áfrýjun til Landsréttar.<br>Í málum sem dæmd hafa verið í héraði fyrir gildistöku laganna en munnlegar skýrslur ekki verið teknar upp í mynd skal hljóðupptaka lögð að jöfnu við myndupptöku ef málsaðilar gera ekki athugasemdir við það en munnleg skýrsla ella endurtekin fyrir Landsrétti ef Landsréttur telur þörf á. |
| **<u>Lög um lögmenn nr. 77/1998</u>**<br><br>**1. mgr. 1. gr.** [Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður.<br><br>**1. og 2. mgr. 7. gr.** [Umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. [Ráðherra][1)] skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands en þann þriðja án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi lögmaður. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.][2)]<br>☐ [Prófraun til öflunar lögmannsréttinda skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmanna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun. Henni er heimilt að láta Lögmannafélag Íslands og þá háskóla sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraprófs, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr., annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð,[3)] sem [ráðherra][1)] setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.][2)]<br><br>**8. gr.** Umsókn um leyfi til að vera héraðsdómslögmaður skal beint til [sýslumanns].[1)] Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 6. gr. Hann skal að | <br><br>**1. mgr. 1. gr.** [Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að flytja mál fyrir héraðsdómstólum, Landsrétti eða Hæstarétti.<br><br>**1. og 2. mgr. 7. gr.** [Umsækjandi um málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. [Ráðherra][1)] skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands en þann þriðja án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi lögmaður. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.][2)]<br>☐ [Prófraun til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmanna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun. Henni er heimilt að láta Lögmannafélag Íslands og þá háskóla sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraprófs, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr., annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð,[3)] sem [ráðherra][1)] setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.][2)]<br><br>**8. gr.** Umsókn um málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum skal beint til [sýslumanns].[1)] Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 6. gr. Hann skal að |

| | |
|---|---|
| auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni.<br>☐ [Sýslumaður][1)] gefur út leyfisbréf handa héraðsdómslögmanni.<br>☐ Héraðsdómslögmaður má gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli. | auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni.<br>☐ [Sýslumaður][1)] gefur út leyfisbréf vegna málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum.<br>☐ Handhafi málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum má gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli. |
| **9. gr.** [Réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:<br>1. hefur haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár,<br>2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr.,<br>3. hefur flutt ekki færri en 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli, þar af a.m.k. 10 einkamál sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða fengið hafa leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar,<br>4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála, sem flutt eru í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum, þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin.][1)]<br>☐ [Sá sem þreyta vill prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr. skal tilkynna Hæstarétti þá ósk sína og sýna fram á, með staðfestingu [sýslumanns],[2)] að hann fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. Dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meta hvort umsækjandi stenst prófraun.][1)]<br>☐ Að fenginni umsögn Hæstaréttar getur [sýslumaður][2)] vikið frá skilyrðum 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur [sýslumaður][2)] vikið frá 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja [sakamál][3)] fyrir Hæstarétti.<br>☐ [Ráðherra][4)] er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar. | **9. gr.** [Málflutningsréttindi fyrir Landsrétti má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:<br>1. hefur haft réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómstóli í fimm ár,<br>2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr.,<br>3. hefur flutt ekki færri en 25 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli, þar af a.m.k. 15 einkamál sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Landsréttar eða fengið hafa leyfi Landsréttar til áfrýjunar,<br>4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála~~,~~ sem flutt eru í Landsrétti ~~fyrir fimm eða sjö dómurum~~, þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin.][1)]<br>☐ [Sá sem þreyta vill prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr. skal tilkynna Landsrétti þá ósk sína og sýna fram á, með staðfestingu [sýslumanns],[2)] að hann fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. Dómendur Landsréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meta hvort umsækjandi stenst prófraun.][1)]<br>☐ Að fenginni umsögn Landsréttar getur [sýslumaður][2)] vikið frá skilyrðum 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur [sýslumaður][2)] vikið frá 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja [sakamál][3)] fyrir Landsrétti.<br>☐ [Ráðherra][4)] er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar. |
| **10. gr.** Umsókn um leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður skal beint til [sýslumanns].[1)] Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 9. gr. til að öðlast réttindin.<br>☐ [Sýslumaður][1)] gefur út leyfisbréf handa | **10. gr.** Umsókn um málflutningsréttindi fyrir Landsrétti skal beint til [sýslumanns].[1)] Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 9. gr. til að öðlast réttindin.<br>☐ [Sýslumaður][1)] gefur út leyfisbréf vegna |

| | |
|---|---|
| hæstaréttarlögmanni.<br>☐ Hæstaréttarlögmaður má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins. | málflutningsréttinda fyrir Landsrétti.<br>☐ Handhafi málflutningsréttinda fyrir Landsrétti má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum héraðsdómstólum, Landsrétti og sérdómstólum.<br><br>**10. gr. a.**<br>Málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:<br>1. hefur haft réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti í þrjú ár,<br>2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1. – 4. tölul. 1. mgr. 6. gr.,<br>3. hefur flutt ekki færri en 15 mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af a. m. k. 10 einkamál.<br>Að fenginni umsögn Hæstaréttar getur sýslumaður vikið frá skilyrðum 1., og 3. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur sýslumaður vikið frá 1. og 3. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja sakamál fyrir Hæstarétti.<br>Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1. – 4. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar.<br><br>**10. gr. b.**<br>Umsókn um málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti skal beint til sýslumanns. Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 10. gr. a til að öðlast réttindindin.<br>Sýslumaður gefur leyfisbréf vegna málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti.<br>Handhafi málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins. |
| **2. mgr. 29. gr.** [Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður eða skammstafanirnar hdl. og hrl. sem hefur virk réttindi samkvæmt lögum þessum og uppfyllir ákvæði 12. gr. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.][1) ] | **2. mgr. 29. gr.** Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður sem hefur virk réttindi samkvæmt lögum þessum og uppfyllir ákvæði 12. gr. Lögmönnum sem hafa virk réttindi er einungis heimilt að tilgreina málflutningsréttindi sín í samræmi við það dómstig sem þeir hafa aflað sér málflutningsréttindi fyrir, sbr. ákvæði 6. – 10. gr. b. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.<br><br>**Nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög um lögmenn**<br>Þeir sem hafa þann aflað sér málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti þann 1. janúar 2018 halda þeim |

| | |
|---|---|
| | réttindum.<br>Hafi lögmaður þann 1. janúar 2018 lokið 3 prófmálum fyrir Hæstarétti má veita honum málflutningsréttindi fyrir Landsrétti sbr. 9. gr. laganna. Hann telst svo uppfylla skilyrði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr. a laganna hafi hann flutt 5 mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af a. m. k. 3. einkamál.<br>Hafi lögmaður þann 1. janúar 2018 lokið 2 prófmálum fyrir Hæstarétti má veita honum málflutningsréttindi fyrir Landsrétti þótt hann flytji þar einungis eitt prófmál, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Hann telst svo uppfylla skilyrði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr. a laganna þegar hann hefur flutt 10 mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af a. m. k. 5 einkamál.<br>Hafi lögmaður þann 1. janúar 2018 lokið einu prófmáli fyrir Hæstarétti má veita honum málflutningsréttindi fyrir Landsrétti þótt hann flytji þar aðeins tvö prófmál, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Hann telst svo uppfylla skilyrði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr. a laganna þegar hann hefur flutt 15 mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af a. m. k. 10 einkamál. |
| **<u>Lög um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið nr. 21/1994</u>**<br><br>**1. gr.** Nú er mál rekið fyrir héraðsdómstóli þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið og getur þá dómari í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta.<br>☐ Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað skv. 1. mgr. eða dómari telur þess þörf án kröfu skal dómari gefa aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður verður kveðinn upp.<br>☐ Kæra má úrskurð héraðsdómara skv. 1. mgr. til Hæstaréttar eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála eða meðferð [sakamála][1)]eftir því sem á við. Kæra frestar frekari aðgerðum samkvæmt úrskurðinum.<br><br>**2. gr.** Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. getur Félagsdómur leitað álits EFTA- | **1. gr.** Nú er mál rekið fyrir héraðsdómstóli þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið og getur þá dómari í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta.<br>☐ Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað skv. 1. mgr. eða dómari telur þess þörf án kröfu skal dómari gefa aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður verður kveðinn upp.<br>☐ Kæra má úrskurð héraðsdómara skv. 1. mgr. til Landsréttar eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála eða meðferð [sakamála][1)]eftir því sem á við. Kæra frestar frekari aðgerðum samkvæmt úrskurðinum. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.<br><br>**2. gr.** Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. getur Félagsdómur leitað álits EFTA- |

| | |
|---|---|
| dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til Hæstaréttar.<br><br>**3. gr.** Hæstiréttur getur jafnan kveðið upp úrskurð, eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 1. gr., í máli sem fyrir honum er rekið. | dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til æðra dóms.<br><br>**3. gr.** Landsréttur og Hæstiréttur geta jafnan kveðið upp úrskurði, eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 1. gr., í máli sem fyrir þeim er rekið. |
| **Lög um aðför nr. 90/1989**<br><br>**7. tölul. 1. gr.** Aðför má gera til fullnustu kröfum samkvæmt eftirfarandi heimildum:<br>7. skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð, hvort sem veðréttindi hafa verið veitt fyrir skuldinni eða ekki, þar sem undirskrift skuldara er vottuð af lögbókanda, hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum er tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar;<br><br>**84. gr.** Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.<br>☐ Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessum kafla má fullnægja þegar með aðför, nema sérstakur aðfararfrestur hafi verið tiltekinn í úrskurðinum.<br>☐ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.<br>☐ Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli. | <br><br>**7. tölul. 1. gr.** Aðför má gera til fullnustu kröfum samkvæmt eftirfarandi heimildum:<br>7. skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð, hvort sem veðréttindi hafa verið veitt fyrir skuldinni eða ekki, þar sem undirskrift skuldara er vottuð af lögbókanda, lögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum er tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar;<br><br>**84. gr.** Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.<br>☐ Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessum kafla má fullnægja þegar með aðför, nema sérstakur aðfararfrestur hafi verið tiltekinn í úrskurðinum.<br>☐ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.<br>☐ Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Landsréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir sem eru kveðnir upp eða ákvarðanir sem eru teknar undir rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Landsrétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar.Þá er unnt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar í kærumálum samkvæmt þessum kafla sem fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið. |

| | |
|---|---|
| **91. gr.** Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.<br>☐ Aðfarargerð má þegar fram halda, er úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla hefur gengið, ef annað er ekki tekið fram í úrskurðinum.<br>☐ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.<br>☐ [Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli. | ☐ **91. gr.** Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.<br>☐ Aðfarargerð má þegar fram halda, er úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla hefur gengið, ef annað er ekki tekið fram í úrskurðinum.<br>☐ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.<br>☐ Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Landsréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir sem eru kveðnir upp eða ákvarðanir sem eru teknar undir rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Landsrétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar. Þá er unnt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar í kærumálum samkvæmt þessum kafla sem fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið. |
| **95. gr.** Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflutnings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ógildingu aðfarargerðar eða um breytingu hennar, samkvæmt því, sem við á hverju sinni. Ef kveðið er á um breytingu gerðarinnar, skal tiltekið nákvæmlega í hverju hún felst.<br>☐ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki frekari fullnustuaðgerðum, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.<br>☐ Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli. | **95. gr.** Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflutnings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ógildingu aðfarargerðar eða um breytingu hennar, samkvæmt því, sem við á hverju sinni. Ef kveðið er á um breytingu gerðarinnar, skal tiltekið nákvæmlega í hverju hún felst.<br>☐ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki frekari fullnustuaðgerðum, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.<br>☐ Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Landsréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir sem eru kveðnir upp eða ákvarðanir sem eru teknar undir rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í |

| | |
|---|---|
| | héraði og fyrir Landsrétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar.Þá er unnt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar í kærumálum samkvæmt þessum kafla sem fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið. |
| **<u>Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990</u>**<br><br>**35. gr.** Ákvæði 86.–91. gr. laga um aðför taka að öðru leyti til mála samkvæmt kafla þessum.<br>☐Ákvarðanir sýslumanns um kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, sem ekki hafa verið bornar undir héraðsdóm samkvæmt framansögðu, verða það ekki síðar nema í máli til staðfestingar gerðinni. | Athugsemd: Þar sem lögin eru ekki með nein sérákvæði um málsskot og vísa alfarið til ákvæða í aðfararlögum um málsmeðferð að öðru leyti er ekki sérstök ástæða til breytinga á þessum lögum. Breytingar sem gerðar verða á aðfararlögum taka þá sjálfkrafa til málsmeðferðarreglna vegna kyrrsetningar, lögbanns og löggeymslu. |
| **<u>Barnalög nr. 76/2003</u>**<br><br>**1. mgr. 4. gr.** *Faðernisviðurkenning.*<br>☐ Nú gengst karlmaður, sem kona kennir barn sitt, við faðerni þess með skriflegri yfirlýsingu sinni fyrir sýslumanni, fyrir dómara í máli skv. II. kafla eða bréflega, og telst hann þá faðir barnsins. Sé yfirlýsingin gefin bréflega skal undirritun hennar staðfest af héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða tveimur vitundarvottum. Þar skal tekið fram að útgefandi yfirlýsingarinnar hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirritun sína í viðurvist þess eða þeirra er undirskriftina staðfesta. Vitundarvottar skulu geta kennitölu sinnar eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs.<br><br>**15. gr.** *Mannerfðafræðilegar rannsóknir.*<br>☐ Dómari getur, samkvæmt kröfu, ákveðið með úrskurði að blóðrannsókn verði gerð á aðilum máls og barninu og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þar á meðal mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru þeir sem í hlut eiga skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur með sama hætti ákveðið með úrskurði að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fara fram á foreldrum og eftir atvikum systkinum aðilanna, svo og á öðrum börnum þeirra. Úrskurð samkvæmt þessari málsgrein má kæra til Hæstaréttar. | 1. mgr. 4. gr. *Faðernisviðurkenning.*<br>☐ Nú gengst karlmaður, sem kona kennir barn sitt, við faðerni þess með skriflegri yfirlýsingu sinni fyrir sýslumanni, fyrir dómara í máli skv. II. kafla eða bréflega, og telst hann þá faðir barnsins. Sé yfirlýsingin gefin bréflega skal undirritun hennar staðfest af lögmanni eða tveimur vitundarvottum. Þar skal tekið fram að útgefandi yfirlýsingarinnar hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirritun sína í viðurvist þess eða þeirra er undirskriftina staðfesta. Vitundarvottar skulu geta kennitölu sinnar eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs.<br><br>15. gr. *Mannerfðafræðilegar rannsóknir.*<br>☐ Dómari getur, samkvæmt kröfu, ákveðið með úrskurði að blóðrannsókn verði gerð á aðilum máls og barninu og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þar á meðal mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru þeir sem í hlut eiga skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur með sama hætti ákveðið með úrskurði að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fara fram á foreldrum og eftir atvikum systkinum aðilanna, svo og á öðrum börnum þeirra. Úrskurð samkvæmt þessari málsgrein má kæra til Landsréttar. Unnt er að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurð Landsréttar. |

| | |
|---|---|
| **7. mgr. 30. gr.** *Forsjá við andlát forsjárforeldris.*<br>☐ Yfirlýsing skv. 6. mgr. skal gefin bréflega og skal undirritun hennar staðfest af sýslumanni eða héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni. Það skal skýlaust tekið fram að útgefandi yfirlýsingarinnar hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirritun sína í viðurvist þess er undirskriftina staðfestir og að honum hafi verið leiðbeint um réttaráhrif yfirlýsingarinnar. | **7. mgr. 30. gr.** *Forsjá við andlát forsjárforeldris.*<br>☐ Yfirlýsing skv. 6. mgr. skal gefin bréflega og skal undirritun hennar staðfest af sýslumanni eða lögmanni. Það skal skýlaust tekið fram að útgefandi yfirlýsingarinnar hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirritun sína í viðurvist þess er undirskriftina staðfestir og að honum hafi verið leiðbeint um réttaráhrif yfirlýsingarinnar. |
| **35. gr.** *Úrskurður til bráðabirgða um forsjá, lögheimili barns o.fl.*<br>☐ Í máli um forsjá eða lögheimili barns hefur dómari heimild til að úrskurða til bráðabirgða að kröfu aðila hvernig fara skuli um forsjá þess eða lögheimili eftir því sem barni er fyrir bestu. Í sama úrskurði getur dómari kveðið á um umgengni og meðlag til bráðabirgða.<br>☐ Hafni dómari kröfu um niðurfellingu sameiginlegrar forsjár meðan forsjármál er til meðferðar fyrir dómi getur hann eigi að síður kveðið á um lögheimili barns, umgengni og meðlag til bráðabirgða. Í slíku máli getur dómari enn fremur ákveðið að barn skuli búa hjá foreldrum sínum á víxl, enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barns.<br>☐ Breyta má úrskurði skv. 1. og 2. mgr. vegna sérstakra ástæðna þyki það vera barni fyrir bestu.<br>☐ Nú hefur máli um forsjá eða lögheimili barns eigi verið ráðið til lykta fyrir héraðsdómi og getur dómari þá, að kröfu málsaðila, kveðið svo á í úrskurði að ekki megi að óloknu máli fara með barnið úr landi. Sé mál um forsjá eða lögheimili barns rekið fyrir Hæstarétti getur hann á sama hátt tekið ákvörðun um að óheimilt sé að fara með barnið úr landi. Dómari skal þegar í stað senda úrskurð um farbann til embættis ríkislögreglustjóra.<br>☐ Heimilt er að kæra úrskurð héraðsdómara skv. 1.–4. mgr. til Hæstaréttar eftir almennum reglum. Kæra úrskurðar um farbann skv. 4. mgr. frestar þó ekki réttaráhrifum úrskurðar.<br>☐ Úrskurður skv. 1.–4. mgr. bindur ekki hendur dómara þegar ákveða skal forsjá, lögheimili, umgengni eða meðlag skv. 34. gr.<br>☐ Dómari verður ekki vanhæfur til að leysa úr máli skv. 34. gr. af þeirri ástæðu einni að hann hefur kveðið upp úrskurð skv. 1.–4. mgr.<br>☐ Úrskurður skv. 1.–4. mgr. fellur sjálfkrafa niður þegar dómur um forsjá eða lögheimili er kveðinn upp. Þetta gildir þó ekki hafi dómari ákveðið að áfrýjun dóms fresti réttaráhrifum hans. Þegar svo stendur á fellur úrskurðurinn sjálfkrafa niður þegar annaðhvort héraðsdómur í málinu verður bindandi um úrslit sakarefnis, sbr. 1. mgr. | **35. gr.** *Úrskurður til bráðabirgða um forsjá, lögheimili barns o.fl.*<br>☐ Í máli um forsjá eða lögheimili barns hefur dómari heimild til að úrskurða til bráðabirgða að kröfu aðila hvernig fara skuli um forsjá þess eða lögheimili eftir því sem barni er fyrir bestu. Í sama úrskurði getur dómari kveðið á um umgengni og meðlag til bráðabirgða.<br>☐ Hafni dómari kröfu um niðurfellingu sameiginlegrar forsjár meðan forsjármál er til meðferðar fyrir dómi getur hann eigi að síður kveðið á um lögheimili barns, umgengni og meðlag til bráðabirgða. Í slíku máli getur dómari enn fremur ákveðið að barn skuli búa hjá foreldrum sínum á víxl, enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barns.<br>☐ Breyta má úrskurði skv. 1. og 2. mgr. vegna sérstakra ástæðna þyki það vera barni fyrir bestu.<br>☐ Nú hefur máli um forsjá eða lögheimili barns eigi verið ráðið til lykta fyrir héraðsdómi og getur dómari þá, að kröfu málsaðila, kveðið svo á í úrskurði að ekki megi að óloknu máli fara með barnið úr landi. Sé mál um forsjá eða lögheimili barns rekið fyrir Landsrétti getur hann á sama hátt tekið ákvörðun um að óheimilt sé að fara með barnið úr landi. Dómari skal þegar í stað senda úrskurð um farbann til embættis ríkislögreglustjóra.<br>☐ Heimilt er að kæra úrskurð héraðsdómara skv. 1.–4. mgr. til Landsréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Landsrétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli. Kæra úrskurðar um farbann skv. 4. mgr. frestar þó ekki réttaráhrifum úrskurðar. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.<br>☐ Úrskurður skv. 1.–4. mgr. bindur ekki hendur dómara þegar ákveða skal forsjá, lögheimili, umgengni eða meðlag skv. 34. gr.<br>☐ Dómari verður ekki vanhæfur til að leysa úr máli skv. 34. gr. af þeirri ástæðu einni að hann hefur kveðið upp úrskurð skv. 1.–4. mgr.<br>☐ Úrskurður skv. 1.–4. mgr. fellur sjálfkrafa niður þegar dómur um forsjá eða lögheimili er |

| | |
|---|---|
| 44. gr., eða dómur fellur í Hæstarétti.<br>☐ Ákvæði 7. mgr. 34. gr. á við um úrskurði skv. 1.–3. mgr. | kveðinn upp. Þetta gildir þó ekki hafi dómari ákveðið að áfrýjun dóms fresti réttaráhrifum hans. Þegar svo stendur á fellur úrskurðurinn sjálfkrafa niður þegar annaðhvort héraðsdómur í málinu verður bindandi um úrslit sakarefnis, sbr. 1. mgr. 44. gr., eða dómur fellur í Landsrétti.<br>☐ Ákvæði 7. mgr. 34. gr. á við um úrskurði skv. 1.–3. mgr. |
| **44. gr.** *Dómsorð, nafnleynd og birting dóms.*<br>☐ Í dómsorði skal héraðsdómari ávallt tiltaka hvort áfrýjun dóms fresti réttaráhrifum hans. Frestur til að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar er einn mánuður. Þegar héraðsdómari ákveður að áfrýjun fresti réttaráhrifum dóms verður dómur fyrst bindandi um úrslit sakarefnis við lok áfrýjunarfrests, enda hafi áfrýjunarstefna þá ekki verið gefin út. Slíkur dómur verður þó bindandi um úrslit sakarefnis afsali aðilar sér skriflega rétti til áfrýjunar. Þegar dómi er áfrýjað innan áfrýjunarfrests frestast réttaráhrif hans hafi svo verið tiltekið í dómsorði. Slíkur dómur verður þó bindandi um úrslit sakarefnis ef mál er fellt niður fyrir Hæstarétti eða því er vísað þar frá dómi.<br>☐ Um nafnleynd og birtingu dóms fer samkvæmt því sem segir í 19. gr. | **44. gr.** *Dómsorð, nafnleynd og birting dóms.*<br>☐ Í dómsorði skal héraðsdómari ávallt tiltaka hvort áfrýjun dóms fresti réttaráhrifum hans. Frestur til að áfrýja héraðsdómi til Landsréttar er fjórar vikur. Þegar héraðsdómari ákveður að áfrýjun fresti réttaráhrifum dóms verður dómur fyrst bindandi um úrslit sakarefnis við lok áfrýjunarfrests, enda hafi áfrýjunarstefna þá ekki verið gefin út. Slíkur dómur verður þó bindandi um úrslit sakarefnis afsali aðilar sér skriflega rétti til áfrýjunar. Þegar dómi er áfrýjað innan áfrýjunarfrests frestast réttaráhrif hans hafi svo verið tiltekið í dómsorði. Slíkur dómur verður þó bindandi um úrslit sakarefnis ef mál er fellt niður fyrir Landsrétti eða því er vísað þar frá dómi.<br>☐ Um nafnleynd og birtingu dóms fer samkvæmt því sem segir í 19. gr. |
| **<u>Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13/1984</u>**<br><br>**24. gr.** Úrskurðir þeir sem kveðnir eru upp samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð sakamála. | **24. gr.** Úrskurðir þeir sem kveðnir eru upp samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Landsréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð sakamála. |
| **<u>Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016</u>**<br><br>**2. mgr. 82. gr.**<br>*Skilorðsrof.*<br>Að kröfu ákæranda getur þó dómstóll úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar, enda liggi fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur sex ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Við meðferð slíkrar kröfu skal dómari skipa honum verjanda að ósk hans og fara með málið eftir XV. | **2. mgr. 82. gr.**<br>*Skilorðsrof.*<br>Að kröfu ákæranda getur þó dómstóll úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar, enda liggi fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur sex ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Við meðferð slíkrar kröfu skal dómari skipa honum verjanda að ósk hans og fara með málið eftir XV. |

| | |
|---|---|
| kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Heimilt er að kæra úrskurð dómara skv. 1. málsl. til Hæstaréttar og skal við meðferð kærumálsins farið eftir reglum XXX. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar. Dómari skal víkja sæti eftir útgáfu ákæru ef hann hefur áður úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.<br><br>**91. gr.**<br>*Innheimta sakarkostnaðar.*<br>Um innheimtu sakarkostnaðar fer skv. 1.–3. mgr. 87. gr.<br>Um niðurfellingu sakarkostnaðar fer skv. 2. mgr. 221. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. | kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Heimilt er að kæra úrskurð dómara skv. 1. málsl. til Landsréttar og skal við meðferð kærumálsins farið eftir reglum XXX. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar. Dómari skal víkja sæti eftir útgáfu ákæru ef hann hefur áður úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Um kæru á úrskurði Landsréttar gilda ákvæði XXXII. kafla laga um meðferð sakamála.<br><br>**91. gr.**<br>*Innheimta sakarkostnaðar.*<br>Um innheimtu sakarkostnaðar fer skv. 1.–3. mgr. 87. gr.<br>Um niðurfellingu sakarkostnaðar fer skv. 2. mgr. 239. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. |
| **<u>Lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991</u>**<br><br>**1. mgr. 50. gr.** Atkvæðismenn mega greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi í kröfulýsingu eða skriflega á annan hátt og skal tekið tillit til slíkra atkvæða sem berast umsjónarmanninum í síðasta lagi áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Atkvæði þessi skulu þó því aðeins tekin gild að vafalaust sé að þau varði það frumvarp sem til atkvæðagreiðslu er og ótvíræð og skilyrðislaus afstaða atkvæðismanns til þess komi þar fram. Sé annað ekki tekið fram í skriflegu atkvæði skal það standa þótt breyting hafi síðar verið gerð á frumvarpi skuldarans sé breytingin atkvæðismönnum í hag. Sé atkvæði greitt skriflega á annan hátt en í kröfulýsingu skal undirskrift atkvæðismanns vottuð af tveimur vitundarvottum, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða lögbókanda. Atkvæðismaður sem greitt hefur atkvæði skriflega getur dregið það til baka með skriflegri yfirlýsingu, sem vottuð er á sama hátt, ef hún berst umsjónarmanninum áður en atkvæðagreiðsla hefst á fundi eða með því að sækja fundinn og óska eftir að fá að greiða þar atkvæði á nýjan leik.<br><br>**179. gr.** Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara samkvæmt þeim kæru til Hæstaréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir sem eru kveðnir upp eða ákvarðanir sem eru teknar undir rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir | **1. mgr. 50. gr.** Atkvæðismenn mega greiða atkvæði um frumvarp að nauðasamningi í kröfulýsingu eða skriflega á annan hátt og skal tekið tillit til slíkra atkvæða sem berast umsjónarmanninum í síðasta lagi áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Atkvæði þessi skulu þó því aðeins tekin gild að vafalaust sé að þau varði það frumvarp sem til atkvæðagreiðslu er og ótvíræð og skilyrðislaus afstaða atkvæðismanns til þess komi þar fram. Sé annað ekki tekið fram í skriflegu atkvæði skal það standa þótt breyting hafi síðar verið gerð á frumvarpi skuldarans sé breytingin atkvæðismönnum í hag. Sé atkvæði greitt skriflega á annan hátt en í kröfulýsingu skal undirskrift atkvæðismanns vottuð af tveimur vitundarvottum, lögmanni eða lögbókanda. Atkvæðismaður sem greitt hefur atkvæði skriflega getur dregið það til baka með skriflegri yfirlýsingu, sem vottuð er á sama hátt, ef hún berst umsjónarmanninum áður en atkvæðagreiðsla hefst á fundi eða með því að sækja fundinn og óska eftir að fá að greiða þar atkvæði á nýjan leik.<br><br>☐ **179. gr.** Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara samkvæmt þeim kæru til Landsréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir sem eru kveðnir upp eða ákvarðanir sem eru teknar undir rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur |

| | |
|---|---|
| úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.<br>☐ Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum.<br>☐ Að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum hefur kæra sömu áhrif á meðferð máls í héraði og ef um almennt einkamál væri að ræða. | ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.<br>☐ Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar. Þá er unnt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar í kærumálum samkvæmt þessum kafla sem fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið.<br>☐ Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði, fyrir Landsrétti og Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum.<br>☐ Að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum hefur kæra sömu áhrif á meðferð máls í héraði og ef um almennt einkamál væri að ræða. |
| **Lög um handtöku og afhendingu manna til og frá Íslandi vegna refsiverðra verknaða á grundvelli handtökuskipunar nr. 51/2016.**<br><br>**5. mgr. 14. gr.**<br>Frestur til að kæra úrskurð um gæsluvarðhald eða beitingu annarra þvingunarráðstafana til Hæstaréttar er einn sólarhringur.<br><br>**3. mgr. 15. gr.**<br>Upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun skulu lagðar til grundvallar úrskurði héraðsdóms nema þær séu augljóslega rangar. Héraðsdómur skal kveða upp úrskurð innan 40 daga frá handtöku hins eftirlýsta. Heimilt er að kæra úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um meðferð sakamála að öðru leyti en því að kærufrestur er einn sólarhringur. Kæra frestar afhendingu. Hæstiréttur skal kveða upp dóm innan 60 daga frá handtöku hins eftirlýsta.<br><br>**5. mgr. 21. gr.**<br>Frestur til að kæra úrskurð um gæsluvarðhald eða beitingu annarra þvingunarráðstafana til Hæstaréttar er einn sólarhringur.<br><br>**3. mgr. 22. gr.**<br>Upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun skulu lagðar til grundvallar úrskurði héraðsdóms nema þær séu augljóslega rangar. Héraðsdómur skal kveða upp úrskurð innan 20 daga frá handtöku hins eftirlýsta. Heimilt er að kæra úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um meðferð sakamála að öðru | <br><br><br><br>**5. mgr. 14. gr.**<br>Frestur til að kæra úrskurð um gæsluvarðhald eða beitingu annarra þvingunarráðstafana til Landsréttar er einn sólarhringur.<br><br>**3. mgr. 15. gr.**<br>Upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun skulu lagðar til grundvallar úrskurði héraðsdóms nema þær séu augljóslega rangar. Héraðsdómur skal kveða upp úrskurð innan 40 daga frá handtöku hins eftirlýsta. Heimilt er að kæra úrskurð til Landsréttar samkvæmt almennum reglum um meðferð sakamála að öðru leyti en því að kærufrestur er einn sólarhringur. Kæra frestar afhendingu. Landsréttur skal kveða upp úrskurð innan 60 daga frá handtöku hins eftirlýsta.<br><br>**5. mgr. 21. gr.**<br>Frestur til að kæra úrskurð um gæsluvarðhald eða beitingu annarra þvingunarráðstafana til Landsréttar er einn sólarhringur.<br><br>**3. mgr. 22. gr.**<br>Upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun skulu lagðar til grundvallar úrskurði héraðsdóms nema þær séu augljóslega rangar. Héraðsdómur skal kveða upp úrskurð innan 20 daga frá handtöku hins eftirlýsta. Heimilt er að kæra úrskurð héraðsdóms til Landsréttar samkvæmt almennum reglum um meðferð sakamála að öðru |

| | |
|---|---|
| leyti en því að kærufrestur er einn sólarhringur. Kæra frestar afhendingu. Hæstiréttur skal kveða upp dóm innan 30 daga frá handtöku hins eftir-lýsta. | leyti en því að kærufrestur er einn sólarhringur. Kæra frestar afhendingu. Landsréttur skal kveða upp úrskurð innan 30 daga frá handtöku hins eftirlýsta. |
| **<u>Lög um horfna menn nr. 44/1981</u>**<br><br>**1. gr.** Nú hverfur maður, og atvik benda eindregið til þess, að hann sé látinn. Getur héraðsdómari þá úrskurðað að kröfu aðilja, sem lögmætra hagsmuna hefir að gæta, að um bú mannsins fari sem væri hann látinn.<br>☐ Gögn um hvarf manns skulu lögð fyrir [héraðsdómara, þar sem maðurinn átti síðast heimilisvarnarþing eða þar sem hann dvaldist síðast. Héraðsdómari leysir úr því með úrskurði, hvort gögn þessi séu fullnægjandi. Sömu aðiljar og greinir í 1. mgr. geta skotið úrskurði héraðsdómara til Hæstaréttar innan 8 vikna frá uppsögu úrskurðarins. Bú manns verður eigi tekið til skipta fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, en héraðsdómari getur kveðið á um það í úrskurði sínum, hafi þess verið krafist, að frá uppsögu úrskurðarins fari um eigur hins horfna svo sem segir í II. kafla, að svo stöddu.<br>☐ Í úrskurði héraðsdómara skal greina, hvaða dag skuli telja dánardægur manns, en við þann dag skal miða, er sennilegast þykir, að andlát manns hafi borið að höndum.<br><br>**13. gr.** Úrskurði dómara samkvæmt 10. og 12. gr. verður skotið til Hæstaréttar samkvæmt reglum um kæru …[1)] Dómi samkvæmt 12. gr. verður áfrýjað til Hæstaréttar …[1)] Sóknaraðili, réttargæslumaður og erfingjar hins horfna geta skotið úrskurði eða dómi til Hæstaréttar, svo og aðrir þeir, sem hagsmuna hafa að gæta af úrslitum máls, og enn fremur [ráðuneytið].[2)]<br>☐ Dómi um, að horfinn mann skuli telja látinn, verður eigi fullnægt, fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, án þess að máli sé áfrýjað. | <br><br>**1. gr.** Nú hverfur maður, og atvik benda eindregið til þess, að hann sé látinn. Getur héraðsdómari þá úrskurðað að kröfu aðilja, sem lögmætra hagsmuna hefir að gæta, að um bú mannsins fari sem væri hann látinn.<br>☐ Gögn um hvarf manns skulu lögð fyrir héraðsdómara, þar sem maðurinn átti síðast heimilisvarnarþing eða þar sem hann dvaldist síðast. Héraðsdómari leysir úr því með úrskurði, hvort gögn þessi séu fullnægjandi. Sömu aðiljar og greinir í 1. mgr. geta skotið úrskurði héraðsdómara til Landsréttar innan 2 vikna frá uppsögu úrskurðarins. Bú manns verður eigi tekið til skipta fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, en héraðsdómari getur kveðið á um það í úrskurði sínum, hafi þess verið krafist, að frá uppsögu úrskurðarins fari um eigur hins horfna svo sem segir í II. kafla, að svo stöddu.<br>☐ Í úrskurði héraðsdómara skal greina, hvaða dag skuli telja dánardægur manns, en við þann dag skal miða, er sennilegast þykir, að andlát manns hafi borið að höndum.<br><br>**13. gr.** Úrskurði dómara samkvæmt 10. og 12. gr. verður skotið til Landsréttar samkvæmt reglum laga um meðferð einkamála um kæru. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar. Dómi samkvæmt 12. gr. verður áfrýjað til æðra dóms samkvæmt reglum laga um meðferð einkamála um áfrýjun. Sóknaraðili, réttargæslumaður og erfingjar hins horfna geta skotið úrskurði eða dómi til Landsréttar, svo og aðrir þeir, sem hagsmuna hafa að gæta af úrslitum máls, og enn fremur ráðuneytið.<br>☐ Dómi um, að horfinn mann skuli telja látinn, verður eigi fullnægt, fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, án þess að máli sé áfrýjað. |
| **<u>Lögræðislög nr. 71/1997</u>**<br><br>**3. mgr. 6. gr.** 1. Svipta má mann lögræði til bráðabirgða ef skilyrði 4. gr. þykja vera fyrir hendi og brýn þörf er á lögræðissviptingu þegar í | <br><br>**3. mgr. 6. gr.** 1. Svipta má mann lögræði til bráðabirgða ef skilyrði 4. gr. þykja vera fyrir hendi og brýn þörf er á lögræðissviptingu þegar í |

| | |
|---|---|
| stað, enda hafi þá verið borin fram krafa um lögræðissviptingu fyrir sama dómstóli samkvæmt öðrum ákvæðum þessa kafla.<br>☐ 2. Í málum til sviptingar lögræðis til bráðabirgða gilda ákvæði þessa kafla. Ákvæði 3. mgr. 10. gr. um skyldu dómara til að gefa varnaraðila kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður verjandi hans, ákvæði 4. mgr. sömu greinar og ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 11. gr. gilda þó einungis að því leyti sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að lögræðissviptingu verði við komið þegar í stað.<br>☐ 3. Ákvörðun um lögræðissviptingu til bráðabirgða skal tekin með úrskurði sem skjóta má til Hæstaréttar, sbr. 16. gr.<br>☐ 4. Lögræðissvipting til bráðabirgða gildir þar til úrskurður dómara í lögræðissviptingarmáli öðlast gildi, málinu lýkur á annan hátt eða þar til úrskurður um bráðabirgðasviptingu er felldur úr gildi með nýjum úrskurði.<br>☐ 5. Ákvæði laga þessara um réttaráhrif lögræðissviptingar eiga einnig við um lögræðissviptingu til bráðabirgða. | stað, enda hafi þá verið borin fram krafa um lögræðissviptingu fyrir sama dómstóli samkvæmt öðrum ákvæðum þessa kafla.<br>☐ 2. Í málum til sviptingar lögræðis til bráðabirgða gilda ákvæði þessa kafla. Ákvæði 3. mgr. 10. gr. um skyldu dómara til að gefa varnaraðila kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður verjandi hans, ákvæði 4. mgr. sömu greinar og ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 11. gr. gilda þó einungis að því leyti sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að lögræðissviptingu verði við komið þegar í stað.<br>☐ 3. Ákvörðun um lögræðissviptingu til bráðabirgða skal tekin með úrskurði sem skjóta má til Landsréttar, sbr. 16. gr. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.<br>☐ 4. Lögræðissvipting til bráðabirgða gildir þar til úrskurður dómara í lögræðissviptingarmáli öðlast gildi, málinu lýkur á annan hátt eða þar til úrskurður um bráðabirgðasviptingu er felldur úr gildi með nýjum úrskurði.<br>☐ 5. Ákvæði laga þessara um réttaráhrif lögræðissviptingar eiga einnig við um lögræðissviptingu til bráðabirgða. |
| **16. gr.** 1. Úrskurðir samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Hæstaréttar. Um málskotið fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.<br>☐ 2. Málskot frestar ekki réttaráhrifum úrskurða um lögræðissviptingu, nema dómari mæli svo fyrir í úrskurði.<br>☐ 3. Hraða ber meðferð máls fyrir Hæstarétti svo sem kostur er.<br>☐ 4. Staðfest endurrit af dómi Hæstaréttar skal senda ráðuneytinu og héraðsdómara málsins. Ef úrskurði er breytt í Hæstarétti skal héraðsdómari og aðrir þeir sem greindir eru í 3.–6. mgr. 14. gr. laga þessara gera þær ráðstafanir sem þar er mælt fyrir um. | **16. gr.** 1. Úrskurðir samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Landsréttar. Um málskotið fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.<br>☐ 2. Málskot frestar ekki réttaráhrifum úrskurða um lögræðissviptingu, nema dómari mæli svo fyrir í úrskurði.<br>☐ 3. Hraða ber meðferð máls fyrir Landsrétti og Hæstarétti svo sem kostur er.<br>☐ 4. Staðfest endurrit af dómi Landsréttar og Hæstaréttar skal senda ráðuneytinu og héraðsdómara málsins. Ef úrskurði er breytt í Landsrétti eða Hæstarétti skal héraðsdómari og aðrir þeir sem greindir eru í 3.–6. mgr. 14. gr. laga þessara gera þær ráðstafanir sem þar er mælt fyrir um. |
| **17. gr.** 1. Þóknun skipaðs verjanda, skipaðs talsmanns sóknaraðila og annan málskostnað, þar með talinn kostnað við öflun læknisvottorða og annarra sérfræðiskýrslna, skal greiða úr ríkissjóði.<br>☐ 2. Ef málskot til Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaust má gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði kærumálskostnaðinn. | **17. gr.** 1. Þóknun skipaðs verjanda, skipaðs talsmanns sóknaraðila og annan málskostnað, þar með talinn kostnað við öflun læknisvottorða og annarra sérfræðiskýrslna, skal greiða úr ríkissjóði.<br>☐ 2. Ef málskot til Landsréttar eða Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaust má gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði |

| | |
|---|---|
| | kærumálskostnaðinn. |
| **Lög um nauðungarsölu nr. 90/1991**<br><br>**3. mgr. 42. gr.**<br>☐ Sýslumaður skal að jafnaði fela einum eða fleiri löggiltum fasteignasala, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni að leita tilboða í eignina eins og ef um frjálsa sölu hennar væri að ræða.<br><br>**3. mgr. 71. gr.**<br>☐ Ef nauðungarsölu er krafist á öðrum kröfuréttindum eða annars konar tilkalli til peningagreiðslu skal að jafnaði ákveða við fyrirtöku að fela gerðarbeiðanda eða tilteknum hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni að fylgja réttindunum eftir gegn ábyrgð gerðarbeiðanda á greiðslu kostnaðar og standa síðan sýslumanni skil á andvirði þeirra. Réttindin verða þá sótt í umboði sýslumanns sem kemur fram í embættisnafni sem aðili að þeim. Þó má ákveða að sýslumaður leitist fyrst við að fá andvirði réttindanna greitt.<br><br>**79. gr.** Úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara í málum samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Þó verður ekki skotið til æðra dóms úrskurði eða ákvörðun héraðsdómara sem er kveðin upp eða tekin undir rekstri máls og mundi ekki sæta kæru ef um einkamál væri að ræða sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verður heldur ekki skotið til æðra dóms úrskurði héraðsdómara sem felur í sér lokaákvörðun um ágreiningsefni nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.<br>☐ Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Kæra úrskurðar samkvæmt ákvæðum þessa kafla frestar ekki aðgerðum á grundvelli hans við nauðungarsölu nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í honum. | **3. mgr. 42. gr.**<br>☐ Sýslumaður skal að jafnaði fela einum eða fleiri löggiltum fasteignasala, lögmanni að leita tilboða í eignina eins og ef um frjálsa sölu hennar væri að ræða.<br><br>**3. mgr. 71. gr.**<br>☐ Ef nauðungarsölu er krafist á öðrum kröfuréttindum eða annars konar tilkalli til peningagreiðslu skal að jafnaði ákveða við fyrirtöku að fela gerðarbeiðanda eða tilteknum lögmanni að fylgja réttindunum eftir gegn ábyrgð gerðarbeiðanda á greiðslu kostnaðar og standa síðan sýslumanni skil á andvirði þeirra. Réttindin verða þá sótt í umboði sýslumanns sem kemur fram í embættisnafni sem aðili að þeim. Þó má ákveða að sýslumaður leitist fyrst við að fá andvirði réttindanna greitt.<br><br>**79. gr.** Úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara í málum samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Landsréttar. Þó verður ekki skotið til æðra dóms úrskurði eða ákvörðun héraðsdómara sem er kveðin upp eða tekin undir rekstri máls og mundi ekki sæta kæru ef um einkamál væri að ræða sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verður heldur ekki skotið til æðra dóms úrskurði héraðsdómara sem felur í sér lokaákvörðun um ágreiningsefni nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.<br>☐ Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar.Þá er unnt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar í kærumálum samkvæmt þessum kafla sem fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið.<br>☐ Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Landsrétti og Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Kæra úrskurðar samkvæmt ákvæðum þessa kafla frestar ekki aðgerðum á grundvelli hans við nauðungarsölu nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í honum. |
| **Lög um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989**<br><br>**5. gr.** Beiðni skv. 4. gr. skal vera skrifleg og | **Lög um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989**<br><br>**5. gr.** Beiðni skv. 4. gr. skal vera skrifleg og |

| | |
|---|---|
| koma fram strax og tilefni er til. Í henni skal m.a. tilgreina aðila málsins, ágreining þann sem gerðarmál snýst um, tildrög þess að leitað er til héraðsdómara og hverra aðgerða er óskað. Gerðarsamningur eða afrit hans skal fylgja beiðni.<br>☐ Dómari gerir aðilum viðvart hvenær mál verði tekið fyrir. Sé þess óskað getur gagnaðili fengið stuttan frest til að semja greinargerð, en að því loknu tekur dómari ágreiningsefnið til úrskurðar eftir að aðilar hafa tjáð sig um það munnlega. Dómari er óbundinn af áliti því er liggur til grundvallar úrskurði ef á það reynir í dómsmáli síðar. Úrskurði verður ekki skotið til Hæstaréttar. Þó má kæra til Hæstaréttar úrskurði þar sem synjað er tilnefningu gerðarmanns. | koma fram strax og tilefni er til. Í henni skal m.a. tilgreina aðila málsins, ágreining þann sem gerðarmál snýst um, tildrög þess að leitað er til héraðsdómara og hverra aðgerða er óskað. Gerðarsamningur eða afrit hans skal fylgja beiðni.<br>☐ Dómari gerir aðilum viðvart hvenær mál verði tekið fyrir. Sé þess óskað getur gagnaðili fengið stuttan frest til að semja greinargerð, en að því loknu tekur dómari ágreiningsefnið til úrskurðar eftir að aðilar hafa tjáð sig um það munnlega. Dómari er óbundinn af áliti því er liggur til grundvallar úrskurði ef á það reynir í dómsmáli síðar. Úrskurði verður ekki skotið til æðra dóms. Þó má kæra til Landsréttar úrskurði þar sem synjað er tilnefningu gerðarmanns. |
| **6. gr.** Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð.<br>☐ Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls.<br>☐ Formaður gerðardóms sker úr ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna. Þá úrlausn getur aðili borið undir héraðsdómara með þeim hætti og með þeim áhrifum sem um getur í 5. gr. Héraðsdómari kveður upp úrskurð um ágreiningsefnið og verður honum ekki skotið til Hæstaréttar. | **6. gr.** Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð.<br>☐ Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls.<br>☐ Formaður gerðardóms sker úr ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna. Þá úrlausn getur aðili borið undir héraðsdómara með þeim hætti og með þeim áhrifum sem um getur í 5. gr. Héraðsdómari kveður upp úrskurð um ágreiningsefnið og verður honum ekki skotið til æðra dóms. |
| **9. gr.** Verði verulegur dráttur á meðferð gerðarmáls sem aðili telur að rekja megi til vanrækslu gerðarmanna á starfsskyldum sínum getur hann snúið sér til héraðsdómara með þeim hætti sem segir í 4. og 5. gr. með kröfu á hendur gagnaðila og gerðarmönnum um að gerðarmenn, einn eða fleiri, verði leystir frá störfum og aðrir skipaðir í þeirra stað.<br>☐ Héraðsdómari tekur ákvörðun um þetta með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar. | **9. gr.** Verði verulegur dráttur á meðferð gerðarmáls sem aðili telur að rekja megi til vanrækslu gerðarmanna á starfsskyldum sínum getur hann snúið sér til héraðsdómara með þeim hætti sem segir í 4. og 5. gr. með kröfu á hendur gagnaðila og gerðarmönnum um að gerðarmenn, einn eða fleiri, verði leystir frá störfum og aðrir skipaðir í þeirra stað.<br>☐ Héraðsdómari tekur ákvörðun um þetta með úrskurði sem kæra má til Landsréttar. |
| **10. gr.** Gerðarmenn eiga rétt á endurgjaldi fyrir verk sitt, svo og ferðakostnaði eftir reikningi. Verði ágreiningur getur aðili borið hann undir héraðsdómara með þeim hætti sem 5. gr. áskilur. Héraðsdómari leysir úr ágreiningsefninu með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar. | **10. gr.** Gerðarmenn eiga rétt á endurgjaldi fyrir verk sitt, svo og ferðakostnaði eftir reikningi. Verði ágreiningur getur aðili borið hann undir héraðsdómara með þeim hætti sem 5. gr. áskilur. Héraðsdómari leysir úr ágreiningsefninu með úrskurði sem kæra má til Landsréttar. |
| **12. gr.** Gerðardóm má ógilda að nokkru leyti eða öllu með málsókn í héraði:<br>1. ef gerðarsamningur var ógildur,<br>2. ef gerðarmenn voru vanhæfir,<br>3. ef málsmeðferð var áfátt í verulegum atriðum, | **12. gr.** Gerðardóm má ógilda að nokkru leyti eða öllu með málsókn í héraði:<br>1. ef gerðarsamningur var ógildur,<br>2. ef gerðarmenn voru vanhæfir,<br>3. ef málsmeðferð var áfátt í verulegum atriðum, |

| | |
|---|---|
| 4. ef gerðarmenn hafa farið út fyrir valdsvið sitt,<br>5. ef gerðardómur er ekki í lögmætu formi,<br>6. ef gerðardómur er bersýnilega reistur á ólögmætum sjónarmiðum eða fer í bága við allsherjarreglu.<br>☐ Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr., en mótmæli ekki áður komið fram um þau atriði sem málsókn er reist á, verður gerðardómur ekki ógiltur nema mótmælin skipti ekki máli eða afsakanlegt var að slík mótmæli kæmu ekki fram. Sátt fyrir gerðardómi má ógilda með sama hætti og réttarsátt með málsókn í héraði.<br>☐ Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr. getur dómari ákveðið samkvæmt kröfu að fresta réttaráhrifum gerðardóms meðan málið er leitt til lykta. Ákveða má að slík frestun sé bundin því að lögð sé fram trygging fyrir efndum skuldbindingar samkvæmt gerðardóminum. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein skal tekin með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð einkamála. | 4. ef gerðarmenn hafa farið út fyrir valdsvið sitt,<br>5. ef gerðardómur er ekki í lögmætu formi,<br>6. ef gerðardómur er bersýnilega reistur á ólögmætum sjónarmiðum eða fer í bága við allsherjarreglu.<br>☐Lög um meðferð einkamála gilda um málsóknina og málskot til æðra dóms að öðru leyti en kveðið er á um í lögum þessum.<br>☐ Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr., en mótmæli ekki áður komið fram um þau atriði sem málsókn er reist á, verður gerðardómur ekki ógiltur nema mótmælin skipti ekki máli eða afsakanlegt var að slík mótmæli kæmu ekki fram. Sátt fyrir gerðardómi má ógilda með sama hætti og réttarsátt með málsókn í héraði.<br>☐ Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr. getur dómari ákveðið samkvæmt kröfu að fresta réttaráhrifum gerðardóms meðan málið er leitt til lykta. Ákveða má að slík frestun sé bundin því að lögð sé fram trygging fyrir efndum skuldbindingar samkvæmt gerðardóminum. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein skal tekin með úrskurði sem kæra má til Landsréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð einkamála. |
| **<u>Siglingalög nr. 34/1985</u>**<br><br>**6. mgr. 220. gr.**<br>☐ Nú synjar héraðsdómari að fram fari sjópróf og er þá heimilt að kæra þá ákvörðun til Hæstaréttar. | **6. mgr. 220. gr.**<br>☐ Nú synjar héraðsdómari að fram fari sjópróf og er þá heimilt að kæra þá ákvörðun til Landsréttar. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar. |
| **<u>Lög um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991</u>**<br><br>**2. mgr. 12. gr.**<br>☐ Sá sem gefur sig fram við skipti og tjáir sig hafa umboð til að koma fram af hálfu erfingja skal sanna það með skriflegu umboðsskjali, undirrituðu af erfingjanum og vottuðu af tveimur vitundarvottum, lögbókanda eða hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni. Sé ekki getið sérstakra takmarkana á umboði skal litið svo á að það nái til sérhverra ráðstafana og yfirlýsinga af hálfu erfingjans varðandi búskiptin.<br><br>**133. gr.** Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara samkvæmt þeim kæru til Hæstaréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir eða ákvarðanir sem eru kveðnir upp eða teknar undir | **2. mgr. 12. gr.**<br>☐ Sá sem gefur sig fram við skipti og tjáir sig hafa umboð til að koma fram af hálfu erfingja skal sanna það með skriflegu umboðsskjali, undirrituðu af erfingjanum og vottuðu af tveimur vitundarvottum, lögbókanda eða lögmanni. Sé ekki getið sérstakra takmarkana á umboði skal litið svo á að það nái til sérhverra ráðstafana og yfirlýsinga af hálfu erfingjans varðandi búskiptin.<br><br>**133. gr.** Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum sæta úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara samkvæmt þeim kæru til Landsréttar. Þó verða ekki kærðir úrskurðir eða ákvarðanir sem eru kveðnir upp eða teknar undir |

| | |
|---|---|
| rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.<br>☐ Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum hefur kæra sömu áhrif á meðferð máls í héraði og ef um almennt einkamál væri að ræða. | rekstri máls og mundu ekki sæta kæru ef um væri að ræða einkamál sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verða heldur ekki kærðir úrskurðir héraðsdómara sem fela í sér lokaákvörðun hans um ágreiningsefni, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.<br>☐ Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar. Þá er unnt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar í kærumálum samkvæmt þessum kafla sem fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið.<br>☐ Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Landsrétti og Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum hefur kæra sömu áhrif á meðferð máls í héraði og ef um almennt einkamál væri að ræða. |
| **<u>Umferðarlög nr. 50/1987</u>**<br><br>**103. gr.** Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttar[)] vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökurétti til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð sakamála, og skal lögreglustjóri leiðbeina ökumanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.<br>☐ Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma. | **103. gr.** Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttar vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökurétti til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð sakamála, og skal lögreglustjóri leiðbeina ökumanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Landsréttar. Um kæru á úrskurði Landsréttar gilda ákvæði XXXII. kafla laga um meðferð sakamála.<br>☐ Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma. |
| **<u>Lög um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl. nr. 160/1995</u>**<br><br>**18. gr.** Við meðferð máls samkvæmt Evrópusamningnum eða Haagsamningnum getur héraðsdómari, samkvæmt beiðni, ákveðið, ef þörf krefur, að barninu verði komið fyrir hjá öðru foreldrinu eða á hlutlausum stað fyrir milligöngu og undir umsjón barnaverndaryfirvalda. Ákvörðunin, sem tekin skal með úrskurði, gildir þar til mál hefur verið til lykta leitt. Í slíkum úrskurði er heimilt að kveða á um umgengni foreldra við barnið meðan á vistun stendur og setja ákveðin skilyrði fyrir umgengni. | **18. gr.** Við meðferð máls samkvæmt Evrópusamningnum eða Haagsamningnum getur héraðsdómari, samkvæmt beiðni, ákveðið, ef þörf krefur, að barninu verði komið fyrir hjá öðru foreldrinu eða á hlutlausum stað fyrir milligöngu og undir umsjón barnaverndaryfirvalda. Ákvörðunin, sem tekin skal með úrskurði, gildir þar til mál hefur verið til lykta leitt. Í slíkum úrskurði er heimilt að kveða á um umgengni foreldra við barnið meðan á vistun stendur og setja ákveðin skilyrði fyrir umgengni. |

| | |
|---|---|
| ☐ Heimilt er að kæra úrskurð skv. 1. mgr. til Hæstaréttar.<br><br>**21. gr.** [Ráðuneytið][1)] getur að kröfu forsjáraðila, sem fer einn með forsjá barns, ákveðið að ólögmætt hafi verið að fara með barn, sem búsett er hér á landi, í annað land eða að ólögmætt sé að halda því í öðru landi.<br>☐ Í máli til slita á sameiginlegri forsjá getur dómstóll eða [ráðuneytið],[1)] eftir því hvar mál er til meðferðar, að kröfu forsjáraðila, kveðið upp úrskurð um að ólögmætt hafi verið að fara með barn í annað land eða að ólögmætt sé að halda því í öðru landi.<br>☐ Unnt er að kveða upp úrskurð á grundvelli 1. og 2. mgr., enda þótt ekki hafi verið unnt að birta eða gera þeim sem krafa beinist gegn kunnugt um stefnu, eða kröfu, þar sem ekki er vitað um dvalarstað hans og ekki er unnt að afla upplýsinga um hann.<br>☐ Úrskurður héraðsdóms samkvæmt þessari grein sætir kæru til Hæstaréttar. | ☐ Heimilt er að kæra úrskurð skv. 1. mgr. til. Landsréttar.<br><br>**21. gr.** [Ráðuneytið][1)] getur að kröfu forsjáraðila, sem fer einn með forsjá barns, ákveðið að ólögmætt hafi verið að fara með barn, sem búsett er hér á landi, í annað land eða að ólögmætt sé að halda því í öðru landi.<br>☐ Í máli til slita á sameiginlegri forsjá getur dómstóll eða [ráðuneytið],[1)] eftir því hvar mál er til meðferðar, að kröfu forsjáraðila, kveðið upp úrskurð um að ólögmætt hafi verið að fara með barn í annað land eða að ólögmætt sé að halda því í öðru landi.<br>☐ Unnt er að kveða upp úrskurð á grundvelli 1. og 2. mgr., enda þótt ekki hafi verið unnt að birta eða gera þeim sem krafa beinist gegn kunnugt um stefnu, eða kröfu, þar sem ekki er vitað um dvalarstað hans og ekki er unnt að afla upplýsinga um hann.<br>☐ Úrskurður héraðsdóms samkvæmt þessari grein sætir kæru til Landsréttar. |
| **Þinglýsingalög nr. 39/1978**<br><br>**5. mgr. 3. gr.**<br>☐ Úrskurður héraðsdómara um úrlausn þinglýsingarstjóra sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um kæru í einkamáli. Skal úrskurður kærður áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögn hans ef kærandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurðinn.<br><br>**1. mgr. 22. gr.** Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta kennitölu sinnar, eða eftir atvikum | **5. mgr. 3. gr.**<br>☐ Úrskurður héraðsdómara um úrlausn þinglýsingarstjóra sætir kæru til Landsréttar samkvæmt almennum reglum um kæru í einkamáli. Skal úrskurður kærður áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögn hans ef kærandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurðinn.<br>☐Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar.Þá er unnt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar í kærumálum samkvæmt þessum kafla sem fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið.<br><br>**1. mgr. 22. gr.** Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, lögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta kennitölu sinnar, eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs. |

| | |
|---|---|
| fæðingardags og heimilisfangs.<br><br>**28. gr.** Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Hæstaréttar.<br>☐ Nú er málið hafið, eða dómur gengur sóknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið. | <br><br>**28. gr.** Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Landsréttar og fer um þá kæru samkvæmt lögum um meðferð einkamála. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.<br>☐ Nú er málið hafið, eða dómur gengur sóknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið. |
| <br>**<u>Lög um ættleiðingar nr. 130/1999</u>**<br><br>**22. gr.** *Dómsmál vegna ákvörðunar um veitingu ættleiðingarleyfis.*<br>☐ Þeim sem fer með forsjá barns eða sérstaklega skipuðum lögráðamanni er heimilt að bera ákvörðun sýslumanns um veitingu ættleiðingarleyfis skv. 19. gr. undir héraðsdóm innan 30 daga frá því að þeim barst ákvörðunin.<br>☐ Nú er ákvörðun skv. 19. gr. staðfest með úrskurði héraðsdóms og verður þá leyfi til ættleiðingar ekki veitt fyrr en að liðnum fresti til kæru úrskurðar til Hæstaréttar.<br>☐ Dómsúrskurður um ógildingu ákvörðunar sýslumanns skv. 19. gr. er ekki því til fyrirstöðu að hann taki málið upp að nýju að ósk aðila ef aðstæður hafa breyst til muna eða nýjar upplýsingar er skipta verulegu máli hafa komið fram.<br><br>**23. gr.** *Málskostnaður.*<br>☐ Stefnandi skal hafa gjafsókn í héraði og Hæstarétti í dómsmáli vegna ættleiðingar skv. 22. gr. | <br><br><br>**22. gr.** *Dómsmál vegna ákvörðunar um veitingu ættleiðingarleyfis.*<br>☐ Þeim sem fer með forsjá barns eða sérstaklega skipuðum lögráðamanni er heimilt að bera ákvörðun sýslumanns um veitingu ættleiðingarleyfis skv. 19. gr. undir héraðsdóm innan 30 daga frá því að þeim barst ákvörðunin.<br>☐ Nú er ákvörðun skv. 19. gr. staðfest með úrskurði héraðsdóms og verður þá leyfi til ættleiðingar ekki veitt fyrr en að liðnum fresti til kæru úrskurðar til Landsréttar.<br>☐ Dómsúrskurður um ógildingu ákvörðunar sýslumanns skv. 19. gr. er ekki því til fyrirstöðu að hann taki málið upp að nýju að ósk aðila ef aðstæður hafa breyst til muna eða nýjar upplýsingar er skipta verulegu máli hafa komið fram.<br>☐ Úrskurðir héraðsdóms samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Landsréttar og fer um kæranleika og kæru og meðferð kærumála fyrir Landsrétti samkvæmt lögum um meðferð einkamála.<br>☐ Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.<br><br>**23. gr.** *Málskostnaður.*<br>☐ Stefnandi skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Landsrétti og Hæstarétti í dómsmáli vegna ættleiðingar skv. 22. gr. |
| | |

| | |
|---|---|
| **Lög um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum nr. 53/2006** | |
| **19. gr.** Úrskurður héraðsdómara um heimild til öflunar sönnunargagna samkvæmt lögunum sætir kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Kæra úrskurðar héraðsdómara frestar ekki aðgerðum samkvæmt lögunum. Þó skal sýslumaður ekki afhenda gerðarbeiðanda sönnunargögn sem aflað hefur verið fyrr en að liðnum kærufresti hafi málskot ekki átt sér stað en ella ekki fyrr en leyst hefur verið úr málinu fyrir æðra dómi. Nú er úrskurði héraðsdómara hnekkt að einhverju leyti eða öllu fyrir Hæstarétti og skal sýslumaður þá skila gerðarþola sönnunargögnum í samræmi við þá niðurstöðu. | ☐ **19. gr.** Úrskurður héraðsdómara um heimild til öflunar sönnunargagna samkvæmt lögunum sætir kæru til Landsréttar. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.<br>Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Landsrétti og Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Kæra úrskurðar héraðsdómara frestar ekki aðgerðum samkvæmt lögunum. Þó skal sýslumaður ekki afhenda gerðarbeiðanda sönnunargögn sem aflað hefur verið fyrr en að liðnum kærufresti hafi málskot ekki átt sér stað en ella ekki fyrr en leyst hefur verið úr málinu fyrir æðra dómi. Nú er úrskurði héraðsdómara hnekkt að einhverju leyti eða öllu fyrir æðra dómi og skal sýslumaður þá skila gerðarþola sönnunargögnum í samræmi við þá niðurstöðu. |
| **20. gr.** Nú hefur úrskurður gengið um heimild til öflunar sönnunargagna án þess að gerðarþola væri tilkynnt um málið, sbr. 2. mgr. 6. gr., og er honum þá heimilt að krefjast endurupptöku málsins fyrir héraðsdómi innan tveggja vikna frá því hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurðinn.<br>☐ Um málsmeðferðina eftir endurupptöku fer eftir II. kafla, þó þannig að falli þingsókn gerðarþola niður eftir endurupptöku stendur upphaflegur úrskurður óhaggaður.<br>☐ Sýslumaður skal ekki afhenda gerðarbeiðanda sönnunargögn sem aflað hefur verið fyrr en að liðnum fresti skv. 1. mgr. ef ekki er krafist endurupptöku en ella ekki áður en úrskurður hefur gengið á ný.<br>☐ Ef heimilt er að krefjast endurupptöku skv. 1. mgr. verður úrskurður héraðsdómara ekki kærður til Hæstaréttar. Úrskurður héraðsdómara í kjölfar endurupptöku verður kærður eftir því sem segir í 19. gr. | **20. gr.** Nú hefur úrskurður gengið um heimild til öflunar sönnunargagna án þess að gerðarþola væri tilkynnt um málið, sbr. 2. mgr. 6. gr., og er honum þá heimilt að krefjast endurupptöku málsins fyrir héraðsdómi innan tveggja vikna frá því hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurðinn.<br>☐ Um málsmeðferðina eftir endurupptöku fer eftir II. kafla, þó þannig að falli þingsókn gerðarþola niður eftir endurupptöku stendur upphaflegur úrskurður óhaggaður.<br>☐ Sýslumaður skal ekki afhenda gerðarbeiðanda sönnunargögn sem aflað hefur verið fyrr en að liðnum fresti skv. 1. mgr. ef ekki er krafist endurupptöku en ella ekki áður en úrskurður hefur gengið á ný.<br>☐ Ef heimilt er að krefjast endurupptöku skv. 1. mgr. verður úrskurður héraðsdómara ekki kærður til Landsréttar. Úrskurður héraðsdómara í kjölfar endurupptöku verður kærður eftir því sem segir í 19. gr. |
| **Hjúskaparlög nr. 31/1993**<br><br>**80. gr.** Kaupmáli skal vera skriflegur. Undirritun hjóna eða hjónaefna skal staðfest af lögbókanda, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúa þeirra eða af tveimur vottum sem skulu vera samtímis viðstaddir og rita nöfn sín og kennitölur á kaupmálann. Í vottorði þeirra skal koma fram að skjalið, sem vottað er, sé kaupmáli. Vottarnir | <br><br>**80. gr.** Kaupmáli skal vera skriflegur. Undirritun hjóna eða hjónaefna skal staðfest af lögbókanda, lögmanni eða fulltrúa þeirra eða af tveimur vottum sem skulu vera samtímis viðstaddir og rita nöfn sín og kennitölur á kaupmálann. Í vottorði þeirra skal koma fram að skjalið, sem vottað er, sé kaupmáli. Vottarnir skulu vera lögráða og |

| | |
|---|---|
| skulu vera lögráða og staðfestingarhæfir samkvæmt réttarfarslögum. | staðfestingarhæfir samkvæmt réttarfarslögum. |
| <u>**Lög um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað nr. 15/2005**</u><br><br>**[2. mgr. 9. gr.** *Lagasafn.*<br>☐ Með ábyrgð og umsjón á útgáfu lagasafns fer sérstök þriggja manna ritstjórn sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Skal einn tilnefndur af forseta Alþingis, en tvo skipar ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera ritstjóri og fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara, að undanskildu skilyrði 4. mgr. 31. gr. laga um dómstóla. | **[2. mgr. 9. gr.** *Lagasafn.*<br>☐ Með ábyrgð og umsjón á útgáfu lagasafns fer sérstök þriggja manna ritstjórn sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Skal einn tilnefndur af forseta Alþingis, en tvo skipar ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera ritstjóri og fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara, að undanskildu skilyrði 5. mgr. 52. gr. laga um dómstóla. |
| | |
| <u>**Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011**</u><br><br>**15. gr.** Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda ákvæði XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ef sakborningur sækir þing við uppkvaðningu úrskurðar telst úrskurður birtur fyrir honum, enda standi honum þegar til boða endurrit úrskurðarins. Nú verður úrskurður ekki birtur á dómþingi og skal þá birta úrskurð fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu.<br>☐ Réttaráhrif úrskurðar héraðsdóms miðast við birtingu nema dómari hafi ákveðið annað.<br>☐ Kæra má til æðri dóms úrskurð dómara um hvort lagt verði á nálgunarbann eða um brottvísun af heimili, svo og úrskurð sem gengur í máli um slíka kröfu, ef hann getur sætt kæru eftir almennum reglum 1. mgr. 192. gr. laga um meðferð sakamála. Um kæru gilda sömu reglur og um kæru úrskurðar héraðsdómara samkvæmt lögum um meðferð sakamála. | **15. gr.** Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda ákvæði XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ef sakborningur sækir þing við uppkvaðningu úrskurðar telst úrskurður birtur fyrir honum, enda standi honum þegar til boða endurrit úrskurðarins. Nú verður úrskurður ekki birtur á dómþingi og skal þá birta úrskurð fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu.<br>☐ Réttaráhrif úrskurðar héraðsdóms miðast við birtingu nema dómari hafi ákveðið annað.<br>☐ Kæra má til æðri dóms úrskurð dómara um hvort lagt verði á nálgunarbann eða um brottvísun af heimili, svo og úrskurð sem gengur í máli um slíka kröfu, ef hann getur sætt kæru eftir almennum reglum 1. mgr. 192. gr. laga um meðferð sakamála. Um kæru til Landsréttar og Hæstaréttar gilda sömu reglur og um kæru úrskurðar héraðsdómara samkvæmt lögum um meðferð sakamála. |

<u>**Mennta- og menningarmálaráðuneytið.**</u>

| | |
|---|---|
| **Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014**<br><br>**2. tölul. 1. mgr. 14. gr.** *Afhendingarskyldir aðilar.*<br>☐ Afhendingarskylda samkvæmt lögum þessum gildir um: | **2. tölul. 1. mgr. 14. gr.** *Afhendingarskyldir aðilar.*<br>☐ Afhendingarskylda samkvæmt lögum þessum gildir um: |

| | |
|---|---|
| 2. Hæstarétt, héraðsdómstóla og aðra lögmæta dómstóla, | 2. Hæstarétt, Landsrétt, héraðsdómstóla og aðra lögmæta dómstóla, |

**Velferðarráðuneytið.**

| | |
|---|---|
| **Barnaverndarlög nr. 8072002**<br><br>**60. gr.** *Gjafsókn.*<br>☐ Foreldrar, fósturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.<br>☐ Ef mál er höfðað skv. 34. gr. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms, sbr. 3. mgr. 34. gr., fer um rétt aðila til gjafsóknar samkvæmt almennum reglum.<br><br>**64. gr.** *Málskot.*<br>☐ Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kæru til Hæstaréttar. Um kærufrest, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir. | <br><br>**60. gr.** *Gjafsókn.*<br>☐ Foreldrar, fósturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og fyrir Landsrétti og Hæstarétti.<br>☐ Ef mál er höfðað skv. 34. gr. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms, sbr. 3. mgr. 34. gr., fer um rétt aðila til gjafsóknar samkvæmt almennum reglum.<br><br>**64. gr.** *Málskot.*<br>☐ Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kæru til Landsréttar. Um kærufrest, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Landsrétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.<br>☐ Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar. Þá er unnt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar í kærumálum um varanlega sviptingu forsjár.<br>☐ Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir. |
| **Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008**<br><br>**6. mgr. 5. gr.** *Kærunefnd jafnréttismála.*<br>☐ Ef úrskurður kærunefndar jafnréttismála er kæranda í hag en gagnaðili vill ekki una úrskurði kærunefndar og höfðar mál til ógildingar honum fyrir dómstólum, skal kærandi fá greiddan málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði. | <br><br>**6. mgr. 5. gr.** *Kærunefnd jafnréttismála.*<br>☐ Ef úrskurður kærunefndar jafnréttismála er kæranda í hag en gagnaðili vill ekki una úrskurði kærunefndar og höfðar mál til ógildingar honum fyrir dómstólum, skal kærandi fá greiddan málskostnað bæði í héraði og fyrir Landsrétti og Hæstarétti úr ríkissjóði. |
| **Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011**<br><br>**15. gr.** *Nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar.*<br>☐ Ráðherra skipar þriggja manna undanþágunefnd og formann úr hópi þeirra til fjögurra ára í senn. Nefndarmenn skulu búa yfir sérþekkingu á mannréttindamálum, þjónustu við | <br><br>**15. gr.** *Nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar.*<br>☐ Ráðherra skipar þriggja manna undanþágunefnd og formann úr hópi þeirra til fjögurra ára í senn. Nefndarmenn skulu búa yfir sérþekkingu á mannréttindamálum, þjónustu við |

| | |
|---|---|
| fatlað fólk og framkvæmd laga á því sviði. Varamenn skulu vera jafnmargir og uppfylla sömu skilyrði og aðalmenn.<br>☐ Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um beiðnir þjónustuaðila um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar og banni við fjarvöktun og taka ákvörðun um hvort undanþága verði veitt.<br>☐ Felist í beiðni ráðagerð um verulega og viðvarandi skerðingu á ferðafrelsi einstaklings þannig að hann geti ekki farið frjáls ferða sinna innan heimilis eða út af því ber nefndinni að vísa beiðninni til dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum 9.–17. gr. lögræðislaga eftir því sem við á. Heimild til takmörkunar á ferðafrelsi einstaklings skal aðeins veitt sé sýnt fram á að hætta sé á því að viðkomandi valdi sjálfum sér eða öðrum verulegu líkams- eða eignatjóni sé ekki gripið til takmarkana á ferðafrelsi hans. Úrskurður dómara samkvæmt þessari grein sætir kæru til Hæstaréttar. Um málskot fer samkvæmt lögum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.<br>☐ Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra setur nánari reglur um starfshætti nefndarinnar með reglugerð. | fatlað fólk og framkvæmd laga á því sviði. Varamenn skulu vera jafnmargir og uppfylla sömu skilyrði og aðalmenn.<br>☐ Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um beiðnir þjónustuaðila um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar og banni við fjarvöktun og taka ákvörðun um hvort undanþága verði veitt.<br>☐ Felist í beiðni ráðagerð um verulega og viðvarandi skerðingu á ferðafrelsi einstaklings þannig að hann geti ekki farið frjáls ferða sinna innan heimilis eða út af því ber nefndinni að vísa beiðninni til dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum 9.–17. gr. lögræðislaga eftir því sem við á. Heimild til takmörkunar á ferðafrelsi einstaklings skal aðeins veitt sé sýnt fram á að hætta sé á því að viðkomandi valdi sjálfum sér eða öðrum verulegu líkams- eða eignatjóni sé ekki gripið til takmarkana á ferðafrelsi hans. Úrskurður dómara samkvæmt þessari grein sætir kæru til Landsréttar. Um málskot fer samkvæmt lögum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.<br>☐ Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.<br>☐ Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra setur nánari reglur um starfshætti nefndarinnar með reglugerð. |
| **18. gr.** *Form og efni ákvörðunar.*<br>☐ Fallist undanþágunefnd á beiðni um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar ber henni að kynna ákvörðun sína hinum fatlaða einstaklingi, lögráðamanni hans, persónulegum talsmanni eða nánasta aðstandanda og leiðbeina þeim um rétt viðkomandi til að bera málið undir dómstóla. Jafnframt skal tilkynna réttindagæslumanni á viðkomandi svæði um ákvörðun nefndarinnar.<br>☐ Ákvörðunin skal vera rökstudd og í henni skal greina með skýrum hætti til hvers konar aðgerða hún tekur og kveðið á um gildistíma hennar. Þar skal einnig greina skilyrði þau sem sett eru fyrir beitingu nauðungarinnar, svo sem hvernig skuli staðið að henni, hvaða kröfur séu gerðar til starfsmanna sem henni beita og annað sem nefndin telur mikilvægt. Sé veitt undanþága til líkamlegrar valdbeitingar skal það gert að skilyrði að viðkomandi starfsmenn hafi sótt námskeið um líkamlega valdbeitingu.<br>☐ Heimildin skal vera tímabundin og aldrei veitt til lengri tíma en nauðsynlegt er, þó lengst til tólf mánaða í senn.<br>☐ Ákvarðanir nefndarinnar eru endanlegar á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds. Að öðru leyti fer um málsmeðferð | **18. gr.** *Form og efni ákvörðunar.*<br>☐ Fallist undanþágunefnd á beiðni um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar ber henni að kynna ákvörðun sína hinum fatlaða einstaklingi, lögráðamanni hans, persónulegum talsmanni eða nánasta aðstandanda og leiðbeina þeim um rétt viðkomandi til að bera málið undir dómstóla. Jafnframt skal tilkynna réttindagæslumanni á viðkomandi svæði um ákvörðun nefndarinnar.<br>☐ Ákvörðunin skal vera rökstudd og í henni skal greina með skýrum hætti til hvers konar aðgerða hún tekur og kveðið á um gildistíma hennar. Þar skal einnig greina skilyrði þau sem sett eru fyrir beitingu nauðungarinnar, svo sem hvernig skuli staðið að henni, hvaða kröfur séu gerðar til starfsmanna sem henni beita og annað sem nefndin telur mikilvægt. Sé veitt undanþága til líkamlegrar valdbeitingar skal það gert að skilyrði að viðkomandi starfsmenn hafi sótt námskeið um líkamlega valdbeitingu.<br>☐ Heimildin skal vera tímabundin og aldrei veitt til lengri tíma en nauðsynlegt er, þó lengst til tólf mánaða í senn.<br>☐ Ákvarðanir nefndarinnar eru endanlegar á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds. Að öðru leyti fer um málsmeðferð |

| | |
|---|---|
| eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, þ.m.t. endurupptöku vegna verulega breyttra atvika. Heimilt er að bera ákvörðun nefndarinnar undir héraðsdómara í þeirri þinghá þar sem viðkomandi á lögheimili og skal hann úrskurða í málinu innan viku frá því að kæra berst honum. Úrskurður dómara samkvæmt þessari grein sætir kæru til Hæstaréttar. Um málskot fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Kæra samkvæmt þessari grein frestar ekki réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar. | eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, þ.m.t. endurupptöku vegna verulega breyttra atvika. Heimilt er að bera ákvörðun nefndarinnar undir héraðsdómara í þeirri þinghá þar sem viðkomandi á lögheimili og skal hann úrskurða í málinu innan viku frá því að kæra berst honum. Úrskurður dómara samkvæmt þessari grein sætir kæru til Landsréttar. Um málskot fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Kæra samkvæmt þessari grein frestar ekki réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar.<br>☐ Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar. |
| **Sóttvarnarlög nr. 19/1997**<br><br>**15. gr.** Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti.<br>☐ Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einstaklingur sé settur í einangrun skv. 14. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar og framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða skal sóttvarnalæknir svo fljótt sem verða má bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi þar sem hinn smitaði dvelst þegar einangrunar er krafist. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítarleg lýsing á málavöxtum og nauðsyn einangrunar og tiltekinn sá tími sem einangrun er ætlað að vara, auk annarra gagna sem málið kunna að varða. Dómari skal taka málið fyrir án tafar og skipa þeim er sætir einangrun talsmann, ef hann óskar þess, samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála um verjendur og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður. Dómari getur aflað gagna af sjálfsdáðum. Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða falla niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn, en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd einangrunar.<br>☐ Dómsathöfnum þeim, sem um ræðir í 2. mgr., má skjóta til Hæstaréttar með kæru og fer um hana eftir almennum reglum um kæru í einkamálum eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd einangrunar. | **15. gr.** Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti.<br>☐ Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einstaklingur sé settur í einangrun skv. 14. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar og framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða skal sóttvarnalæknir svo fljótt sem verða má bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi þar sem hinn smitaði dvelst þegar einangrunar er krafist. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítarleg lýsing á málavöxtum og nauðsyn einangrunar og tiltekinn sá tími sem einangrun er ætlað að vara, auk annarra gagna sem málið kunna að varða. Dómari skal taka málið fyrir án tafar og skipa þeim er sætir einangrun talsmann, ef hann óskar þess, samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála um verjendur og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður. Dómari getur aflað gagna af sjálfsdáðum. Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða falla niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn, en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd einangrunar.<br>☐ Dómsathöfnum þeim, sem um ræðir í 2. mgr., má skjóta til Landsréttar með kæru og fer um hana eftir almennum reglum um kæru í einkamálum eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd einangrunar.<br>☐ Um kæru á úrskurði Landsréttar gilda ákvæði XXXII. kafla laga um meðferð sakamála. |